

skoðun 12

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk










# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
11. júlí 2012
161. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Segir ráðningar án auglýsinga grafa undan trausti á ríkinu

**Umboðsmaður Alþingis áminnir ríkið um að auglýsa þau störf sem ráðið er í, einnig tímabundin störf. Þannig sé aukið traust á stjórnsýslunni. Gerir athugasemdir við ráðningar utanríkisráðuneytis og lögreglu.**

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis vill að þeir sem hafa ráðningarvald hjá hinu opinbera gæti betur að því sem býr að baki lögum um auglýsingaskyldu. Hann telur að með því sé hægt að auka traust á stjórnsýslunni. Þá telur hann mikilvægt að þegar auglýst er, sé ráðið í störfin í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í auglýsingu.

Umboðsmaður gaf nýverið út þrjú álit er varða ráðningar hjá hinu opinbera. Tvö tilfelli eru hjá lögreglunni, og einnig var leitað til umboðsmanns vegna ráðningar stjórnarráðsfulltrúa í utanríkisráðuneytið, en í því tilfelli var einn umsækjandi talinn hafa of mikla reynslu til starfans.

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, skrifaði pistil á heimasíðu embættisins, þar sem hann minnir á lögin um auglýsingaskyldu frá 1954. Þar sé lögð áhersla á að það sé „réttlætismál og jafnréttis, að öllum þeim, er hugur leikur á tilteknu opinberu starfi, sé veittur þess kostur að sækja um það“. Kvartanir sem berast embættinu benda til að þessu sé ábótavant. Ýmist sé fundið að því að störf hafi ekki verið auglýst eða að ráðning hafi ekki verið í samræmi við sjónarmið í auglýsingu.

Umboðsmaður sendi ríkislögreglustjóra bréf vegna eins málsins. Þá höfðu tveir lögreglumenn, sem áður höfðu gegnt stöðum tímabundið, verið ráðnir til starfa. Í bréfi Tryggva segir að ráðningin hafi verið innan ramma og reglna en bendir á að með því að auglýsa í auknum mæli laus störf við afleysingar mætti aðstoða við að auka traust á stjórnsýslunni og starfsháttum hennar. Þá segir hann megingagnrýni þeirra sem leitað hafi til hans vegna þessara mála vera að stjórnvöld hafi með tímabundnum ráðningum án auglýsinga raskað því jafnræði og hæfnismati sem lög geri ráð fyrir að byggt sé á við ráðningar hjá hinu opinbera. **- kóp**

## Fjöldi starfa

Fréttablaðið kannaði í vetur hve margir hefðu verið ráðnir til starfa hjá ráðuneytunum í tíð núverandi ríkisstjórnar. Í svörum ráðuneytanna, sem birtust í Fréttablaðinu 31. október 2011, kom fram að 77 hefðu verið ráðnir án auglýsinga.



## Mammút í sveitinni

*Hljómsveitin Mammút fór nýlega upp í sveit til að taka upp efni á nýja plötu.*

**popp** 26

## Vaxandi tónskáld

*Hafdís Bjarnadóttir fær fjórar stjörnur fyrir verk sem flutt voru í Skálholti liðna helgi.*

**menning** 19



## Ógnarsterkur ÓL-hópur

*Ellefu leikmenn úr silfurhópi landsliðsins fara á Ólympíuleikana í London.*

**sport** 22

## veðrið í dag




**SÓL OG BLÍÐA** Í dag verður hæg breytileg átt og léttskýjað. Hætt við stöku skúrum SV-til síðdegis. Hiti 10-18 stig.

**VEÐUR** 4



**SÆLDARLÍF UM BORÐ** Farþegar um borð í skemmtiferðaskipinu Celebrity Eclipse, sem nú liggur við Sundahöfn, þurfa ekki að láta sér leiðast þá daga sem eytt er um borð því nóg er um afþreyingu. Þá er skipið í hópi 600 annarra sem íslenska fyrirtækið On Waves tryggir farsímasamband. **Sjá síðu 2.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Arnar Eggert undirbýr flutning:

## Selur 10.000 plötur heima

**POPP** Tónlistargagnrýnandi Íslands, Arnar Eggert Thoroddsen, heldur garðsölu um helgina þar sem til sölu verða um 10.000 geisladiskar og vínylplötur.



ARNAR EGGERT THORODDSEN

Tilgangurinn með sölunni, sem verður haldin í bakgarðinum heima hjá Arnari, er að létta á búslóðinni þar sem hann er að flytja með fjölskylduna af landi brott í ágúst. „Ég finn að það er að skapast mikil stemning fyrir þessu og fólk í músíkbransanum er sérstaklega spennt. Þetta gæti því endað í einhvers konar *blokkpartýi* í leiðinni,“ segir hann.

Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á sölunni þar sem safn Arnars er líklegast með því stærsta og fjölbreyttasta hérlendis. **- trs / sjá síðu 26**

Sandgerði hafnaði ósk Reykjanesbæjar um nýjar sameiningarviðræður:

# Engin sameining syðra að sinni

**STJÓRNSÝSLA** Ekkert verður af viðræðum um sameiningu Reykjanesbæjar, Garðs og Sandgerðis eftir að Sandgerðingar ákváðu að taka ekki þátt. Bæjaryfirvöld í Garði, sem höfðu áður ákveðið að taka þátt í viðræðunum, sjá ekki grundvöll fyrir að halda áfram viðræðum án Sandgerðinga.

Sameining sveitarfélaganna þriggja var felld í íbúakosningu árið 2005, en í maí síðastliðnum óskaði bæjarráð Reykjanesbæjar eftir nýjum viðræðum um mögulega sameiningu.

Bæjarstjórn Garðs samþykkti að funda um málið, en á fundi bæjarráðs Sandgerðis var óskinni hafnað. Ekki var talið rétt að fara í viðræður um sameiningu „á þessum tímapunkti“ en frekar ætti að stefna að enn öflugra samstarfi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Davíð Ásgeirsson, formaður bæjarráðs í Garði, segir í samtali við Fréttablaðið að ekki verði farið út í viðræðurnar í þessu ljósi. Aðspurður játar hann því að botninn hafi dottið úr hugmyndunum þegar Sandgerði hafi ákveðið að verða ekki með.

„Við vorum ekki búnir að setja okkur í alvarlegar stellingar í þessu, en höfðum heyrt í Reykjanesbæ um hvað þeir voru að spá,“ sagði Davíð. **- þj**










SPURNING DAGSINS



*Þórunn, koma þessar vinsældir þér spánskt fyrir sjónir?*

„Þetta var eins og að sjá flamingófugl á Reykjavíkurtjörn.“

Lagið Too Late með Þórunni Antonínu Magnúsdóttur er í fyrsta sæti lagalista spænsku tónlistarsíðunnar AstreduPOP. Lagið mun vera sérstaklega vinsælt í borginni Zaragoza.

Maður þakklátur fyrir að hans var leitað þegar hann skilaði sér ekki til vinnu:

# Börðu manninn og bundu í baðkari

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á sjötugsaldri sem bundinn var og keflaður á heimili sínu í sex klukkustundir ætlar ekki að láta hrotta hrekja sig að heiman. Í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 lýsti hann því þegar mennirnir tveir réðust inn til hans eftir að hafa hringt dyrabjöllunni.

Þegar maðurinn kom til dyra var honum ýtt alla leið inn í stofu þar sem hann var bundinn við stól. Honum var svo gert að millifæra fé af heimabanka og af honum voru tekin kreditkort og leyninúmer. Árásarmennirnir hurfu þá á brott og ætluðu að tæma af kortinu alla peninga. Þegar leyninúmerin virkuðu ekki sneru þeir aftur æfir.

**6** klukkustundir liðu á meðan maðurinn var bundinn á höndum og fótum í baðkari.

Þá börðu þeir manninn og bundu í baðkarinu þar sem hann lá og með límt fyrir munninn alla nóttina á meðan þrjótarnir brutu allt og brömluðu á heimili hans.

Hann segist þakklátur fyrir að eiga góða að því þegar hann kom ekki til vinnu um morguninn komu vinir og vitjuðu hans. Þeir bönkuðu upp á en mennirnir ruku út um bakdyr og komust undan með tölvu og sjónvarp. Lögregla hafði fljótt upp á mönnunum, sem nú sitja í gæsluvarðhaldi.

Fórnarlambið segist ekki geta verið heima hjá sér eins og er en ætlar ekki að láta „svona lýð“ hræða sig að heiman. Hann segist ekki ætla að leggja á flótta þrátt fyrir morðhótanir mannanna. Maðurinn hefur tekið sér tímabundið leyfi frá vinnu vegna atburðanna. **- bþh**

Segir tímabilið rétt að hefjast:

## Fleiri geitungar en voru í fyrra

**DÝRALÍF** Það sem af er sumri hafa meindýraeyðar Reykjavíkurborgar þurft að eyða mun fleiri geitungabúum en síðastliðin ár. Guðmundur Björnsson, meindýraeyðir hjá Reykjavíkurborg, segir þó að nú sé geitungatímabilið rétt að hefjast svo að enn sé of snemmt að bera árin saman. „Þetta er þó vísbending um að þeim gæti verið að fjölga,“ segir hann.

Í júní voru meindýraeyðar kallaðir tíu sinnum á vettvang til að eyða búum en einungis sex sinnum í fyrra. **- jse**



**Á VETTVANGI** Magnús Ver, einn aðstandenda Jakabóls, ræðir við slökkviliðsmann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eldur kviknaði í Þverholti:

## Reykur og sót fór út um allt

**BRUNI Eldur kom upp í æfingahúsnæði í Þverholti 19 í gær. Slökkvilið var skamma stund að ráða niðurlögum eldsins. Mikinn reyk og sót lagði um húsið. Allt tiltækt slökkvilið var kallað á staðinn upp úr klukkan tvö í gær.**

**Líkamsræktarstöðin Jakaból ásamt pole-fitness æfingastöðinni XForm er til húsa á staðnum. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu eru eldsupptök ókunn og málið er í rannsókn.**

**Hjá Jakabóli fengust þau svör að líklega hefði eldurinn komið upp í herbergi þar sem er rafmagnstafla. Engar skemmdir munu vera af völdum elds á tækjum og eigum stöðvarinnar.** **- bþh**

Kortlagning umferðarhávaða:

## Þúsundir íbúa búa við hávaða

**SAMFÉLAGSMÁL** Hávaði frá umferð fer yfir viðmiðunarmörk við húsveggi þúsunda íbúða á höfuðborgarsvæðinu. Fyrsta áfanga kortlagningar hávaða frá stórum vegum í þéttbýli er lokið.

Á svæðinu eru meðal annars þjóðvegur 1, Hafnarfjarðarvegur, Reykjanesbraut, Nesbraut, Breiðholtsbraut og Bústaðavegur. Í fyrsta áfanga reyndist hávaði fara yfir viðmiðunarmörk við húsvegg 14 þúsunda íbúða eða hjá allt að 24 þúsund íbúum. **- bþh**

# Tryggja farsímasamband um allan heim

**Íslenskt fyrirtæki er eitt hið fyrsta í heiminum sem býður skemmtiferðaskipum og öðrum stórskipum uppsetningu á farsímakerfi á hafi úti. Fyrirtækið þjónustar þegar hátt í 600 skip en þau stærstu rúma mörg þúsund farþega.**

**VIÐSKIPTI** Íslenska fyrirtækið On Waves, sem er að stærstum hluta í eigu Símans, tryggir áhöfn og farþegum á hátt í 600 stórskipum um allan heim farsímasamband. Í þeim hópi er fjöldi skemmtiferðaskipa en eitt þeirra, Celebrity Eclipse, lagðist að bryggju í Reykjavík í gær.

„Við erum ungt fyrirtæki og á nýjum markaði sem þýðir að við höfum þurft að leggjast í talsverðar fjárfestingar. Við höfum hins vegar þegar náð talsverðum árangri og teljum að það séu mjög jákvæðir og spennandi tímar fram undan á þessum markaði,“ segir Kristinn Ingi Lárusson, framkvæmdastjóri On Waves.

On Waves var stofnað árið 2007 af Símanum í samstarfi við tvo aðra aðila en áður hafði Síminn boðið svipaða þjónustu í samstarfi við franskt fyrirtæki. Fyrirtækið gerir skipum á hafi úti kleift að halda úti farsímaneti fyrir farþega og áhöfn á skipunum og þjónustar fyrirtækið þegar hátt í 600 skip. Flest eru þau mjög stór enda þjónusta On Waves nokkuð kostnaðarsöm og því óhentug fyrir fámennari skip.

„Í nær öllum stórum skipum er gervihnattasamband í gegnum svokallað VSAT-kerfi sem tryggir símasamband og internettengingu. Það sem við gerum er að umbreyta búnaðinum þannig að hægt sé að nota farsíma í gegnum þetta kerfi,“ segir Kristinn Ingi og heldur áfram: „Við erum með þeim fyrstu í heiminum til að bjóða þessa þjónustu og erum nú sennilega þriðja stærsta fyrirtækið í þessum geira.“

Fimmtungur þeirra skipa sem On Waves á í samstarfi við telst vera ferjur eða farþegaskip. Þar af er nokkur fjöldi skemmtiferðaskipa á borð við Celebrity Eclipse þar sem samanlagður fjöldi gesta og áhafnar er 4.400 manns. Það er fyrirtækið einnig með samninga við fjölda skipa sem þjónusta ýmiss konar iðnað.




**VIÐ SKARFAHÖFN** Skemmtiferðaskipið Celebrity Eclipse lagðist að bryggju í Reykjavík í gær en skipið er engin smásmíði. Það er rúmir 300 metrar að lengd, tæpir 50 metrar að breidd og er samanlagður fjöldi áhafnar og farþega 4.400 manns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Í nær öllum stórum skipum er gervihnattasamband í gegnum svokallað VSAT-kerfi sem tryggir símasamband og internettengingu.
>
> KRISTINN INGI LÁRUSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ON WAVES

Kristinn Ingi segir að lokum mikil tækifæri til staðar á þessum markaði enda geti fyrirtækið boðið þjónustu sína um allan heim. „Auðvitað eru þau 600 skip sem við erum þegar að þjónusta talsverður fjöldi en það má hafa í huga að okkar markaður er heimurinn allur þótt fyrirtækið sé íslenskt. Það er því gríðarlegur fjöldi skipa sem við ættum að geta þjónustað,“ segir Kristinn.

magnusl@frettabladid.is

Stúlku bjargað úr ógöngum:

## Villtist af leið á hálendinu

**LANDHELGISGÆSLAN** Þyrla Landhelgisgæslunnar fann þýska stúlku í sjálfheldu í fjallshlíð í Suðurnámum skammt frá tjaldstæðinu í Landmannalaugum síðdegis í gær. Björgunarsveitir og þyrlan leituðu stúlkunnar í gærdag.

Stúlkan var hífð upp í þyrluna og er hún ómeidd. Hún hafði gengið frá Landmannalaugum um hádegið en villst. Hún komst í ógöngur og komst ekki niður af sjálfsdáðum.

Hún hafði samband við Neyðarlínuna sem gerði björgunarsveitum viðvart. Hátt í þrjátíu björgunarsveitarmenn voru við leitarstörf í gær. **- bþh**

Innanríkisráðherra:

## Flugvöllurinn ekki á leið burt

**SAMGÖNGUR Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir útilokað að flugvöllurinn í Vatnsmýrinni fari án þess að ríkið gefi leyfi fyrir því.**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

**Hann segir það óráð hjá borgarstjórn að skipuleggja þar íbúðahverfi.**

**Reykjavíkurborg undirbýr þéttingu byggðar með nýbyggingum í grónum hverfum. Ráðgert er að helmingur þeirra bygginga rísi í Vatnsmýrinni.**

**„Stór hluti flugvallarsvæðisins er í eigu ríkisins og það verður ekkert gert með þetta eignarland ríkisins nema í samráði við ríkið,“ segir Ögmundur.**

**Hann segist vera mótfallinn því að flugvöllurinn fari úr borginni. „Hann er ekkert á leiðinni burt,“ segir hann og bendir á að meirihluti borgarbúa vilji ekki völlinn burt.** **- bþh**




Flugmiðar með Wow-air í fyrstu verðlaun í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins:

# Íþróttir þema ljósmyndakeppni

**SAMKEPPNI** Íþróttir eru þema annarrar ljósmyndakeppni sem Fréttablaðið stendur fyrir í sumar. Vonast er eftir sem fjölbreytilegustu myndum frá þátttakendum en undir íþróttaþema geta fallið myndir frá íþróttamótum barna og fullorðinna, myndir af brennó, badmintonleik úti í garði eða golfi svo fáein dæmi séu tekin. Skilafrestur fyrir íþróttamyndirnar er 18. júlí en myndir skal senda á netfangið Ljosmyndasamkeppni@frettabladid.is.

Besta myndin birtist á forsíðu Fréttablaðsins og höfundur hennar fær einnig tvo farmiða með Wow-air. Í önnur og þriðju verðlaun eru gjafakort í Borgarleikhúsið.

Um síðustu helgi voru úrslit kunngjörð í fyrstu ljósmyndasamkeppni sumarsins. Þemað var útivist og komu fyrstu verðlaun í hlut Tinnu Stefánsdóttur. Fréttablaðið stendur fyrir fjórum ljósmyndasamkeppnum í sumar. Þema hverrar keppni verður kynnt er nær dregur. **-sbt**



**VERÐLAUNAMYND** Tinna Stefánsdóttir tók bestu myndina í fyrstu ljósmyndakeppni sumarsins.






# Netið í farsímann

## Betra verð hjá Nova!

Ef þú ert með snjallsíma borgar sig að vera með netpakka. Gerðu verðsamanburð og vertu með snjallsímann hjá Nova:

| 500 MB | 1 GB | 5 GB |
|---|---|---|
| 490 kr. | 990 kr. | 1.990 kr. |

Ef þú ert ekki með netpakka kostar dagurinn 39 kr. (5 MB).

Viðskiptavinir í áskrift skrá sig fyrir netpakka í þjónustuveri Nova **519 1919** eða í næstu **verslun Nova**. Viðskiptavinir í frelsi geta keypt netáfyllingu á **nova.is**.

Netið í farsímann (100 MB/mán.) fylgir hjá viðskiptavinum í áskrift og í frelsi ef keypt er tilboðsáfylling á nova.is.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Farsímaþjónusta Nova: Ekkert mánaðargjald í frelsi en 690 kr. í áskrift og þá fylgir netið í farsímann 100 MB á mánuði.

## GENGIÐ 10.07.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,72 | 128,32 |
| Sterlingspund | 198,49 | 199,45 |
| Evra | 157,24 | 158,12 |
| Dönsk króna | 21,137 | 21,261 |
| Norsk króna | 20,995 | 21,119 |
| Sænsk króna | 18,304 | 18,412 |
| Japanskt jen | 1,6067 | 1,6161 |
| SDR | 192,21 | 193,35 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 219,7741

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjármálaráðherrar evruríkjanna og ESB funduðu í Brussel í gær og fyrradag:

# 30 milljarðar til Spánar í júlílok

**BELGÍA, AP** Þrjátíu milljörðum evra verður dælt inn í spænska bankakerfið í lok júlímánaðar. Fjármálaráðherrar evruríkjanna sautján samþykktu þetta á fundi í fyrradag.

Einnig var ákveðið á fundi fjármálaráðherra Evrópusambandsins í gær að veita stjórnvöldum á Spáni árs frest til að lækka fjárlagahalla niður fyrir þrjú prósent, en þau mörk setur Evrópusambandið. Fjárlagahallinn er rúmlega sex prósent nú en Spánverjar hafa frest til ársins 2014 til að vinna bug á vandanum.

Ráðherrar evruríkjanna munu koma saman á ný í Brussel þann 20. júlí til að ganga frá samkomulagi um þrjátíu milljarðana. Ákveðið var í síðasta mánuði að bjóða Spánverjum 100 milljarða til að styðja við bankakerfið í landinu, og þessi fjárhæð er hluti af því.

Fjármálaráðherrarnir kusu jafnframt Jean-Claude Juncker, fjármálaráðherra Lúxemborgar, til áframhaldandi setu sem formaður evruhópsins. Hann segist ætla að sitja áfram þar til seint á þessu ári eða snemma á því næsta. - þeb



**HELDUR RÆÐU** Jean-Claude Juncker, fjármálaráðherra Lúxemborgar og formaður evruhópsins. NORDICPHOTOS/AFP

Meðlimir Pussy Riot í verkfall:

# Boðað til samstöðumótmæla

**RÚSSLAND** Þrjár konur, sem eru í rússnesku pönksveitinni Pussy Riot og hafa verið í haldi lögreglu í Moskvu frá því í mars, hafa hafið hungurverkfall.

Konurnar voru handteknar fyrir mótmæli gegn Vladimir Pútín Rússlandsforseta, en hafa einnig mótmælt stöðu kvenna í landinu. Varðhaldinu hefur verið mótmælt harðlega í Rússlandi.

Boðað hefur verið til samstöðumótmæla vegna málsins við rússneska sendiráðið í Reykjavík í dag klukkan 15.30. - þeb

Akureyringum fjölgar:

# 18.000 íbúinn fær gjafir

**AKUREYRI** Íbúar á Akureyri urðu 18 þúsund talsins 29. maí, þegar Elísabetu Þórunni Jónsdóttur og Sveini Arnarsyni fæddist sonur. Af því tilefni ætla Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri og Geir Kristinn Aðalsteinsson, forseti bæjarstjórnar, að afhenda drengnum og foreldrum hans gjafir í dag.

Akureyringum hefur fjölgað nokkuð undanfarin ár og urðu þeir sautján þúsund talsins árið 2007 og rufu sextán þúsund manna múrinn árið 2003. - kóp



**SMÁBÁTAR** Strandveiðar voru heimilar fyrir mistök í gær.

Mistök í auglýsingu:

# Strandveiðar voru heimilar

**SJÁVARÚTVEGUR Vegna mistaka í auglýsingu í Stjórnartíðindum var strandveiðimönnum á svæði A heimilt að veiða í gær. Hluti sjómanna hélt til veiða, en aðrir ekki og voru ósáttir.**

**Kvótinn á svæði A, sem nær frá Eyja- og Miklaholtshreppi að Súðavík, kláraðist á mánudag. Ákveðin veiðiheimild er gefin út mánaðarlega fyrir öll veiðisvæðin fjögur. Þegar sú veiðiheimild klárast eru veiðar bannaðar.**

**Ákvæði hefur verið að koma til móts við þann hóp sem ekki komst til veiða í gær vegna mistakanna og fá þeir auka veiðidag í ágúst.** - bþh

# Koma má með hrátt kjöt ef það er frosið

**Ferðamenn þurfa leyfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis fyrir innflutningi á hráu kjöti. Vottorðakrafa fyrir soðnar vörur felld niður. Viðurkenndar íslenskar kjötvinnslur geta nú flutt pylsur á 500 milljóna manna markað.**

**NEYTENDUR** Ferðamenn geta nú komið með hrátt kjöt til landsins sé það frosið og prófað fyrir salmónellu. Ekki þarf að greiða toll af kjötinu sé magnið undir þremur kílóum. Afla þarf þó leyfis hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu fyrir fram. Vottorðakrafa fyrir soðnar vörur hefur verið felld niður, að því er Gísli Sverrir Halldórsson, dýralæknir inn- og útflutningsmála hjá Matvælastofnun (MAST) greinir frá.

„Þetta er meðal breytinganna sem ný reglugerð frá því í maí felur í sér. Með reglugerðinni er verið að draga úr innflutningshömlum til Íslands,“ segir Gísli.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að innflutningur ferðamanna á allt að einu kílói af ostum úr ógerilsneyddri mjólk til einkaneyslu væri nú leyfður. Breytingin hefur ekki verið kynnt að öðru leyti en því að reglugerðin, sem er númer 448, hefur verið birt á heimasíðum MAST og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

„Það er í raun eðlilegt að þetta sé kynnt betur á okkar heimasíðu því að þetta er umtalsverð breyting þótt í smáum stíl sé.“

Gísli segir breytingarnar afleiðingar af nýrri matvælalöggjöf sem sett var í nóvember í fyrra. „Ísland var þá í raun að taka upp matvælalöggjöf Evrópusambandsins sem opnaði fyrir frjálst flæði matvæla. Hins vegar uppfyllti engin íslensk kjötvinnsla skilyrði nýju löggjafarinnar. Núna eru nánast allar kjötvinnslurnar komnar á markað Evrópusambandsríkjanna, sem er 500 milljóna manna markaður. Það lá við að ég færi að gráta þegar ég sá auglýstar SS-pylsur í Kaupmannahöfn því að á þeim tíma mátti þekktasta kjötvinnslufyrirtæki landsins ekki flytja út unnar kjötvörur. Þar til í febrúar og mars gat engin kjötvinnsla flutt út svo mikið sem eina pylsu. Núna geta allar kjötvinnslur sem eru á lista MAST yfir viðurkenndar starfsstöðvar flutt vörur sínar hvert sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.“

Kjötvinnslurnar höfðu frest þar til 1. maí að uppfylla kröfurnar. Að sögn Gísla hefur umbótaferlið, sem staðið hefur yfir á fyrri hluta þessa árs, kostað mörg kjötvinnslufyrirtækjanna tugi milljóna króna til að verða starfshæf. „Þau þurftu ekki bara að gera umbætur til þess að geta flutt vörur sínar út, heldur til þess að mega starfa yfir höfuð. Nú sætum við því að þurfa að uppfylla sömu staðla og þá bestu sem gilda í Evrópu.“ ibs@frettabladid.is



**GÓÐGÆTI** Víða um heim er hefð fyrir því að nota hrátt, eða sérverkað kjöt, í margvíslegan mat. Þannig eru Ítalir frægir fyrir hráskinku sína. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

### Kúabændur furða sig á nýrri ostareglu

Vegna umfjöllunar Fréttablaðsins í gær um ostainnflutning sendi Landssamband kúabænda frá sér tilkynningu þar sem bent er á að innlendum framleiðendum sé enn óheimilt að framleiða til sölu vörur úr ógerilsneyddri mjólk.

„Sú ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að heimila innflutning á vörum sem innlendum framleiðendum er með öllu óheimilt að selja neytendum á Íslandi, hlýtur því að vekja mikla furðu,“ segir í tilkynningunni.



**LYF** Að mati sjúkratrygginga hefði lyfjakostnaður verið 750 milljónum króna hærri án aðgerða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjúkratryggingar Íslands:

# Lyfjakostnaður lækkar áfram

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjakostnaður Sjúkratrygginga, vegna lyfja annarra en sjúkrahúslyfja, lækkaði árið 2011 frá árinu á undan þrátt fyrir að lyfjanotkun hefði aukist. Lækkunin er einkum til komin vegna breytinga stjórnvalda á greiðsluþátttöku í þunglyndis- og flogaveikislyfjum.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Sjúkratryggingum en stofnunin hefur tekið saman yfirlit yfir almennan lyfjakostnað á árinu 2011. Nam hann alls 9,3 milljörðum á árinu en var 9,6 milljarðar árið 2010. Lyfjanotkun jókst hins vegar um 5,1% mæld í fjölda skilgreindra dagskammta.

Þetta er þriðja árið í röð sem kostnaður vegna lyfja lækkar hjá Sjúkratryggingum. - mþl

**SNÆFELLSNES**

### Enn glóð í sinu

Enn var glóð í sinu á Rauðkollsstöðum á Snæfellsnesi í gærkvöldi. Sinueldar komu þar upp síðdegis á mánudag. Slökkviliðsmenn úr Borgarnesi náðu að hemja eldana ásamt TF-Líf, þyrlu Landhelgisgæslunnar, aðfaranótt þriðjudags. Ekki er talið að eldur breiðist aftur út á svæðinu.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**MIKIL BLÍÐA** Það verður áfram einmuna sumarblíða á landinu næstu daga. Yfirleitt léttskýjað en hætt við stöku síðdegisskúrum syðra. Föstudagurinn verður líklega heitasti dagur vikunnar.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 18° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 29° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 16° |
| París | 19° |
| San Francisco | 26° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




Vnr. 85551083-1183
BYKO úti- og innimálning, hvítir litir, 10 l.
**7.490 kr.**

VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

# MÁLAÐU
## Á LÆGRA VERÐI

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50




Vnr. 86790040-2337
ÞOL þakmálning, margir litir, 4 l.
**5.995 kr.**




Vnr. 85540083
BYKO innimálning, gljástig 10, ljósir litir, 10 l.
**6.990 kr.**




Vnr. 89600183-483
SADOLIN múrmálning, allir litir, 10 l. Góð alhliða akrýl/olíu-málning til notkunar utanhúss.
**9.990 kr.**




Vnr. 86647583-8083
KÓPAL STEINTEX múrmálning, 10 l.
Verð frá:
**11.420 kr.**




Pinotex
Vnr. 89540210
Pinotex glugga-málning, hvít, 1 l.
**2.990 kr.**




5 LÍTRAR
Pinotex
Vnr. 89510150-450
PINOTEX Superdec, þekjandi, akrýlbundin viðarvörn, 5 l.
**9.895 kr.**




Vnr. 86880040/140
Stéttvari á mynstursteyptar innkeyrslur, plön, gangstéttar o.fl., gljáandi eða mattur, 4 l.
**5.750 kr.**

## RÉTTU VERKFÆRIN Í ÖLL VERK




5 LÍTRAR
Pinotex
Vnr. 89436375-7/394
PINOTEX pallaolía, glær, græn, brún eða fura, 5 l.
**4.990 kr.**




6 LÍTRAR
Pinotex
Vnr. 89410460-650
PINOTEX CLASSIC viðarvörn, margir litir, 6 l.
**5.990 kr.**




Vnr. 80626750
CLEAN SPIRIT penslahreinsir.
**590 kr.**



Vnr. 84175700
Penslasett, þrír penslar, 20, 38 og 63 mm.
**990 kr.**

Vnr. 80628776
Málningaruppleysir TX 10, 1 l.
**2.560 kr.**




Vnr. 84100150
FIA málningarrúlla, 25 cm og lengjanlegt skaft.
**1.699 kr.**





Vnr. 58761012
Málningarfata, 12 ltr.
**610 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

**KJÖRKASSINN**



*Fylgist þú með fréttum af erlendum atburðum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 89,1% |
| NEI | 10,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú orðið fyrir barðinu á innbrotsþjófum?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is vísir

Áform Björgólfs í uppnámi því innra byrði hússins við Fríkirkjuveg 11 hefur verið friðað ásamt ytra byrði:

# Björgólfur Thor fær ekki að breyta húsinu

**STJÓRNSÝSLA** Húsið við Fríkirkjuveg 11 í Reykjavík hefur nú verið friðað að öllu leyti. Mennta- og menningarmálaráðherra friðaði á mánudag innra byrði hússins að tillögu Húsafriðunarnefndar. Ytra byrðið var friðað 25. apríl 1978.

Þegar húsið var reist árið 1907 þótti það glæsilegasta íbúðarhús á Íslandi. Í því voru raf- og vatnslagnir sem þóttu nýlunda á þeim tíma. Það var athafnamaðurinn Thor Jensen sem fékk Einar Erlendsson arkitekt til að teikna það fyrir sig.

Innra byrðið er talið bera vitni um bestu iðnkunnáttu þess tíma sem það reis, hvort sem um er að ræða smíði eða málun. Björgólfur Thor Björgólfsson á húsið í dag.

> Það hefur verið ljóst síðan 2007 hvað hann ætlaði að gera með húsið.
>
> **RAGNHILDIR SVERRISDÓTTIR** TALSKONA BJÖRGÓLFS THORS

Ragnhildur Sverrisdóttir, talskona Björgólfs, segir að áform hans hafi legið fyrir síðan hann eignaðist húsið. „Þegar hann keypti húsið var lagt upp með að hafa íbúð á efri hæðinni og sýningar- og veislusali á neðri hæð. Þar yrði einnig eldhúsi og snyrtiaðstöðu komið fyrir.“

Ragnhildur bendir á að húsið sé í mikilli niðurníðslu og að ekki sé búandi í því eins og er. „Það sem stóð í húsafriðunarnefnd var að það átti að flytja stiga. Þó að Björgólfur Thor byðist til þess að færa allt í upphaflegt horf ef og þegar hann seldi var ekki tekið mark á því.“

„Það þarf að endurhugsa þetta allt núna,“ segir Ragnhildur. „Það hefur verið ljóst síðan 2007 hvað hann ætlaði að gera með húsið.“ **- bþh**



**FRIÐAÐ** Húsið er talið sýna merki um bestu iðnkunnáttu á Íslandi þegar það reis árið 1907. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


**Verslanir Lyfjavers og Heilsuvers að Suðurlandsbraut 22 verða lokaðar frá 12:30 – 14:30, miðvikudaginn 11. júlí vegna útfarar Margrétar Jonnyjar Birgisdóttur verslunarstjóra.**

Heilsuver LYFJAVER Suðurlandsbraut 22 – Sími 533-6100

**STÓRÚTSALA**

**Opið til kl 21 í kvöld**

**20-70% afsláttur**

galleri OZONE Þar sem öll heitustu merkin fást Opið laugard. kl. 10-16 Akranesi Selfossi







Hälsans Kök Heilsueldhúsið heilsurettir.is




**MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU** Dómurinn hefur fleiri mál íslenskra blaðamanna til athugunar. NORDICPHOTOS/AFP

# Íslenskir dómstólar brutu á blaðakonum

**Íslenska ríkið er skaðabótaskylt vegna meiðyrðadóma gegn Björk Eiðsdóttur og Erlu Hlynsdóttur. Þetta er niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu. Lögmaður þeirra segir niðurstöðuna áfellisdóm yfir vinnubrögðum íslenskra dómstóla.**

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið braut gegn tjáningarfrelsi blaðamannanna Bjarkar Eiðsdóttur og Erlu Hlynsdóttur, þegar þær voru dæmdar til að bera ábyrgð á ummælum viðmælenda sinna og fundnar sekar um meiðyrði árið 2009. Þetta er niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu, sem dæmir ríkið til að greiða þeim báðum milljónir í skaða- og miskabætur og málskostnað.

Björk skrifaði grein í Vikuna um nektarstaðinn Goldfinger og birti viðtal við fyrrverandi nektardansmey sem sagði Ásgeir Þór Davíðsson, eiganda staðarins, fara illa með starfsfólk og halda því í gíslingu. Ásgeir stefndi þeim báðum, féll hins vegar frá málinu á hendur dansmeynni og fékk Björk að lokum sakfellda í Hæstarétti.

Erla skrifaði frétt í DV um deilur Davíðs Smára Helenarsonar við Viðar Má Friðfinnsson, eiganda skemmtistaðarins Strawberries. Í fréttinni var haft eftir Davíð Smára að Viðar gumaði sig gjarnan af tengslum við litháíska glæpamenn og að hann teldi litháísku mafíuna eiga þar samastað. Erla var fundin sek um meiðyrði og fékk ekki að áfrýja til Hæstaréttar.

Mannréttindadómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu að það hamli mjög fjölmiðlamönnum sem vilja taka þátt í umræðu um mál sem varði almenning miklu, ef þeim er refsað fyrir að birta orðrétt ummæli viðmælenda sinna.

Dómstóllinn bendir á að áður en greinarnar birtust hafi átt sér stað umræða á Íslandi um starfsemi nektarstaða og að skrif Bjarkar hafi verið nauðsynlegur hluti af opinberri umræðu um slíka staði. Þá hafi Björk stutt staðhæfingarnar í greininni rökum og gögnum.

Niðurstaðan í máli Erlu er enn afdráttarlausari, enda segir þar að íslenskir dómstólar hafi ekki stutt það nægum rökum að ummælin sem dæmt er fyrir hafi yfirleitt verið ærumeiðandi.

## Tvö önnur mál

Tveimur öðrum dómum gegn Erlu Hlynsdóttur hefur verið vísað til Mannréttindadómstóls Evrópu. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort málin komast á dagskrá dómsins.

Annað málið snýr að umfjöllun um Byrgismálið svokallaða. Þar var Erla dæmd fyrir ummæli viðmælenda sinna, sem bendluðu eiginkonu Guðmundar Jónssonar við afbrot sem hann var síðar einn dæmdur fyrir.

Í hinu málinu var Erla dæmd, ásamt þáverandi ritstjóra DV, Sigurjóni Egilssyni, fyrir að kalla Rúnar Þór Róbertsson kókaínsmyglara á forsíðu blaðsins. Rúnar var sýknaður í málinu en hlaut síðar þungan dóm sem höfuðpaurinn í öðru risavöxnu fíkniefnamáli.

## Fagna dómnum

Blaðamannafélag Íslands fagnar niðurstöðu Mannréttindadómstólsins í yfirlýsingu sem það sendi frá sér í gær. „Dagurinn í dag er stór dagur í sögu tjáningarfrelsis á Íslandi,“ segir í yfirlýsingunni.

Jafnframt segir að íslenskir dómstólar hafi ekki haft skilning á mikilvægi tjáningarfrelsisins fyrir lýðræðislega umræðu í samfélaginu. Það hafi ítrekað endurspeglast í úrskurðum þeirra á undanförnum árum og þannig lagt stein í götu blaðamennsku og fjölmiðlunar í landinu. Óskandi sé að nú verði breyting þar á.



**BJÖRK EIÐSDÓTTIR**



**ERLA HLYNSDÓTTIR**

Þá er tekið fram að þær hafi báðar leitað viðbragða allra málsaðila og því hafi jafnvægis verið gætt í umfjölluninni.

Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaðurinn sem rak málin fyrir hönd Bjarkar og Erlu, segir niðurstöðuna áfellisdóm yfir vinnubrögðum íslenskra dómstóla. „Ég held að þetta hafi verið afskaplega mikilvægir dómar fyrir blaðamannastéttina í heild,“ segir Gunnar.

Dómarnir íslensku yfir Björk og Erlu byggðu á prentlögum frá árinu 1956, þar sem kveðið var á um að blaðamenn bæru ábyrgð á orðum viðmælenda sinna. Því hefur síðan verið breytt með nýjum fjölmiðlalögum.

Gunnar Ingi segir áhrif dómsins þó víðtækari. „Það er ýmislegt þarna sem getur haft áhrif, umfram það hver ber ábyrgð á ummælunum,“ segir hann.

„Dómstóllinn leggur mikla áherslu á að í báðum þessum tilfellum hafi verið til umfjöllunar málefni sem varða almenning og það hafi verið réttlætanlegt að fjalla um það. Það er mikilvægt því að íslenska ríkið fullyrti í sinni greinargerð að þetta hafi verið umfjöllunarefni sem átti ekki erindi við almenning.“

Síðan staðfestir dómurinn líka að sá sem samsamar sig starfsemi á borð við nektarstaði, eins og í tilviki Ásgeirs Þórs Davíðssonar, er útsettari fyrir og þarf að þola meiri gagnrýni en aðrir.“

Íslenska ríkinu er gert að greiða Björk samtals 37.790 evrur, tæpar sex milljónir króna, og Erlu 21.500 evrur, sem jafngildir 3,4 milljónum króna. **stigur@frettabladid.is**










★ ★ ★ ★ ★

# SKEMMTISIGLINGAR

***Fljótandi lúxus hótel!***




★★★★★ 19. OKT - 1. NÓV 2012

## ALLURE OF THE SEAS

Við verðum umkringd drifhvítum ströndum, blágrænu hafi og fegurstu eyjum heims.

VERÐDÆMI:

**334.900*,-**

*á mann m.v. 2 fullorðna í innri-klefa.*

**Innifalið:**

» Flug til og frá Orlando
» Skemmtisigling með fullu fæði og afþreyingu í 7 nætur.
» Gisting á Florida Mall Hotel 2 nætur með morgunverði.
» Gisting á International Palms Resort 3 nætur með morgunverði eftir siglingu.
» Þjórfé um borð í skipinu.
» Allar ferðir milli flugvalla, hótela og skips.







★★★★★ 6. - 20. NÓV 2012

## CELEBRITY ECLIPSE

Það er unaður að láta dekra við sig á þessu flótandi lúxushóteli og allt í hæsta gæðaflokki.

VERÐDÆMI:

**357.500*,-**

*á mann m.v. 2 fullorðna í innri-klefa.*

**Innifalið:**

» Flug til og frá Orlando
» Skemmtisigling með fullu fæði og afþreyingu í 8 nætur.
» Gisting á Florida Mall Hotel 3 nætur með morgunverði.
» Gisting á International Palms Resort 3 nætur með morgunverði eftir siglingu.
» Þjórfé um borð í skipinu.
» Allar ferðir milli flugvalla, hótela og skips.







★★★★★ 15. - 26.MARS 2013

## FREEDOM OF THE SEAS

Ógleymanlegt ævintýri sem allir ættu að upplifa.

VERÐDÆMI:

**324.900*,-**

*á mann m.v. 2 fullorðna í innri-klefa.*

**Innifalið:**

» Flug til og frá Orlando
» Skemmtisigling með fullu fæði og afþreyingu í 7 nætur.
» Gisting á Florida Mall Hotel 2 nætur með morgunverði.
» Gisting á International Palms Resort 3 nætur með morgunverði eftir siglingu.
» Þjórfé um borð í skipinu.
» Allar ferðir milli flugvalla, hótela og skips.




* Innifalið: flug, skattar, gisting, akstur og íslensk fararstjórn. Prentað með fyrirvara um villur.

ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | MEIRA Á **URVALUTSYN.IS**

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu mikið af ógerilsneyddum osti má fólk nú flytja til landsins?*
2. *Hvaða sjónvarpsmaður ætlar að hlaupa maraþon í fyrsta sinn í Reykjavíkurmaraþoninu?*
3. *Hver skoraði sigurmark Stjörnunnar gegn Fram á mánudag?*

**SVÖR:**

**1.** *Eitt kíló* **2.** *Björn Bragi Arnarsson* **3.** *Garðar Jóhannsson*

Talsmaður Iceland Express segir öryggisferla flugfélaganna tengjast öryggiskerfinu á Keflavíkurflugvelli:

# Segir úrbóta þörf eftir laumufarþegaatvik

**SAMGÖNGUR** Öryggisferlar flugfélaga á Keflavíkurflugvelli eru óbeint tengdir almennu öryggiskerfi á flugvallarsvæðinu. Úrbóta er þó þörf í ljósi atviks um síðustu helgi þegar tveir menn komust inn á öryggissvæði flugvallarins og upp í flugvél Icelandair þar sem þeir fundust. Þetta segir Heimir Már Pétursson, upplýsingafulltrúi Iceland Express, í samtali við Fréttablaðið, aðspurður um yfirlýsingu Isavia um að öryggiskerfi á flugvellinum „hafi virkað“ þrátt fyrir uppákomuna.

„Bæði flugstjórar og yfirflugfreyjur eru öryggisfulltrúar í vélunum og athuga hvort allt sé með felldu um borð í vélinni áður en byrjað er að hleypa um borð,“ segir Heimir Már. „Þetta er öryggiskerfi sem við höfum sjálf og tengist óbeint almennu öryggi á Keflavíkurflugvelli.“

Hann segir þó ljóst að úrbóta sé þörf.

„Það er ekki alveg allt í lagi ef fólk kemst yfir girðinguna óáreitt og getur athafnað sig í einhvern tíma á flughlaðinu. Ef menn með verri tilgang en þennan hefðu verið á ferð er aldrei að vita hvað hefði getað gerst,“ segir Heimir Már og bætir því við að hann búist við úrbótum að rannsókn lokinni.

Í svari Wow Air við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að þjálfun flugliða snúist fyrst og fremst um öryggismál og flugvernd.

„Það sem gerðist [þegar mennirnir fundust í flugvélinni um helgina] sýnir að sú þjálfun skilar sér. En auðvitað er þetta stórt svæði og erfitt að verja allt svæðið og því ljóst að alltaf er gott að endurskoða og bæta öryggisferla.“ **- þj**



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Talsmaður Iceland Express segir atvik þar sem tveir menn komust í leyfisleysi inn á flughlað og upp í flugvél kalla á umbætur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




## Tilboð óskast

Óskað er eftir tilboðum í Volvo FM 8x4 vörubíl ásamt Joab krókheysi. Bíllinn er sjálfskiptur og var nýskráður 15.07.2008. Hann er ekinn 7.900 km.

Tilboð skulu send á netfangið hbilar@landsbankinn.is, fyrir kl. 12.00 mánudaginn 16. júlí 2012. Tilboðsverð miðast við staðgreiðslu með virðisaukaskatti.

Seljandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Nánari upplýsingar veitir Kristófer S. Snæbjörnsson í síma 858-2082.

Hömlur B&T ehf.


# Forseti og þing bjóða herforingjum birginn

**Hæstiréttur í Egyptalandi ógilti í gær tilskipun Mohammed Morsi forseta um að kalla þing landsins saman á ný. Þingið kom saman á stuttum en táknrænum fundi í gær, en herforingjastjórnin hefur heitið því að verja úrskurð réttarins.**

**KAÍRÓ, AP** Hæstiréttur Egyptalands ógilti í gær tilskipun Mohammeds Morsi, forseta landsins, um að egypska þingið verði kallað saman á ný. Rétturinn, sem úrskurðaði nýlega að þingkosningarnar í vetur hefðu verið ólöglegar, sagði Morsi ekki hafa vald til að kalla þingið saman á ný.

Þingið kom saman í gær, en fundur þess stóð aðeins í fimm mínútur og var því aðallega um táknrænan gjörning að ræða.

Mikil togstreita hefur verið á milli Morsis, sem var nýlega kjörinn forseti, og herforingjaráðsins, sem hefur farið með stjórn landsins síðan Hosni Mubarak var steypt af stóli fyrir sautján mánuðum síðan.

Herforingjaráðið leysti þingið upp í síðasta mánuði eftir úrskurð hæstaréttar og tók sér löggjafarvald í staðinn. Þegar Morsi var svo settur í embætti höfðu herforingjarnir dregið mjög úr völdum forseta.

Atburðir gærdagsins undirstrika spennuna sem ríkir í landinu. Herforingjaráðið hyggst verja úrskurð réttarins, en þó kom ekki til átaka þegar þingmennirnir mættu á fundinn í gær.



**ÓVISSUÁSTAND** Mohammed Morsi, forseti Egyptalands, sést hér ásamt tveimur meðlimum herforingjaráðsins í gær. Undir yfirborðinu krauma þó deilur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á fundinum undirstrikaði forseti þingsins, Saad El-Katatni, að lög landsins yrðu virt, sem og skipting ríkisvaldsins, en hann leitaðist þó eftir því að fá álit áfrýjunardómstóls á úrskurði hæstaréttar.

Mikill órói einkennir daglegt líf í landinu þar sem mótmæli og ofbeldi eru daglegt brauð og efnahagslífið er í mikilli úlfakreppu.

**thorgils@frettabladid.is**


## Sumarhappdrætti Sjálfsbjargar

**Dregið var 7. júlí 2012**

Vinningar og vinningsnúmer (birt án ábyrgðar)

**1. Kia Rio EX 1,4 að verðmæti kr. 3.299.777,-**

2901

**2. - 21. iPad WiFi + 4G - 32 GB, hver að verðmæti kr. 144.990,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1173 | 11706 | 17707 | 20474 | 26556 |
| 2340 | 12691 | 19333 | 22830 | 27712 |
| 7333 | 15378 | 19897 | 24707 | 28753 |
| 11014 | 15883 | 20151 | 25708 | 29701 |

**22. - 45. Gjafakort, hvert að verðmæti kr. 100.000,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4113 | 5667 | 10474 | 15539 | 22517 |
| 4824 | 7650 | 11086 | 16305 | 22572 |
| 5126 | 7960 | 12529 | 16629 | 25427 |
| 5346 | 8227 | 13442 | 16732 | 30156 |
| 5635 | 10132 | 14058 | 19103 | - |

**46. - 80. Gjafakort, hvert að verðmæti kr. 60.000,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 870 | 3960 | 9882 | 18466 | 21036 |
| 1203 | 4051 | 10112 | 19004 | 21891 |
| 2118 | 5799 | 10531 | 19795 | 22914 |
| 2747 | 9028 | 11718 | 19944 | 23774 |
| 2816 | 9362 | 12885 | 19966 | 25550 |
| 2898 | 9396 | 13075 | 20409 | 25580 |
| 2939 | 9777 | 17037 | 20595 | 26630 |

Handhafar vinningsmiða eru vinsamlega beðnir um að framvísa þeim á skrifstofu Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra að Hátúni 12, Reykjavík, sími 5500360.
Byrjað verður að greiða út vinninga þann 25. júlí nk.
Vinningaskrá er einnig birt á heimasíðu samtakanna, sjalfsbjorg.is og textavarpi RÚV.
Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning.

**Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra þakkar veittan stuðninginn**


## Blaðalestur 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu




Lestur DV eykst til muna á milli ársfjórðunga:

# Fréttablaðið heldur ótvíræðu forskoti

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið er sem fyrr langmest lesna blað landsins samkvæmt mælingum Capacent. Nýjasta lestrarkönnunin, fyrir annan ársfjórðung 2012, sýnir að 68,6 prósent höfuðborgarbúa á aldrinum 18 til 49 ára lesa blaðið, sem er lækkun úr 69,3 prósentum frá fyrsta ársfjórðungi.

Næstmest lesna blaðið er Fréttatíminn, með 49,8 prósenta lestur í sama hópi. DV bætir þar verulega við sig og hækkar úr 8,1 prósenti í 11,2. Það jafngildir 37 prósenta aukningu í lestri.

Lestur Fréttatímans, DV, Viðskiptablaðsins og Monitor eykst mismikið á milli tímabila en lestur annarra blaða dalar lítillega.

Sé litið til allra landsmanna lesa 58,6 prósent Fréttablaðið, 41,8 prósent Fréttatímann, 33,3 prósent Morgunblaðið, 11,3 prósent DV og 9,6 prósent Viðskiptablaðið. **- sh**



Vitra Arkitekt WC
8.990,-
án setu
Glæsilegt úrval
- gott verð
í Bæjarlind 6
Napoli Hitastýrt tæki með uppstút
(rósettur innfaldar í verði)
11.990,-
NAPOLI hitastýrð blöndunar-
tæki f. baðkar
14.900,-
NAPOLI
hitastýrt
sturtusett
26.900,-
Látúns sturtubarki 1,5m
790,-
NÝ VARA
W&M PS208 sturtuhorn 80cm
48.990,-
4cm SMC botn
6 mm Hert
öryggisgler
FC 504 Sturtuhorn 80x80 cm
29.900,-
NÝ VARA
W&M EF409 sturtuhorn 90cm
56.990,-
4cm SMC botn
Botnventill og vatnslás fylgja öllum sturtuhornum og sturtuklefum
20.990,-
Vitra
Grand Scandinavia m. setu
NÝ VARA
W&M PF209D sturtuhorn 90cm
54.990,-
4cm SMC botn
Mikið úrval
2.190,-
3.690,-
3.690,-
1.490,-
CERAVID baðkar 170x75 cm
19.900,-
Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm
11.990,-
Superlight sturtuhaus
með ljósi sem breytist
eftir hitastigi
14.900,-
Moon sturtuhaus
9.900,-
NÝ VARA
W&M EHS209 sturtuhorn 90cm
59.990,-
4cm SMC botn
Sturtuklefi 80x80x195cm
með botni, vatnslás og
botnventli
47.990,-
Einnig til 90x90 cm, kr. 49.900,-
MILAN sturtuhorn 90x90 cm með
botni og vatnslás (einnig til 80x80)
24.900,-
CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara.
35.990,-
Flísa&Bað
MARKAÐURINN
Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laugard. 11-16.



**HITI** Hitinn í Skopje í Makedóníu hefur verið gríðarlegur síðustu daga. Þessi maður kældi sig niður í sturtu við ströndina í gær, en hitinn náði þá 43,5 gráðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðaglæpadómstóllinn dæmdi stríðsglæpamanninn Thomas Lubanga:

# Dæmdur í fjórtán ára fangelsi

**HOLLAND, AP** Alþjóðaglæpadómstóllinn í Haag dæmdi stríðsherrann Thomas Lubanga frá Kongó í gær í fjórtán ára fangelsi fyrir stríðsglæpi. Dómurinn var sá fyrsti.

Lubanga var í mars fundinn sekur um að nota börn sem hermenn í uppreisnarher sínum árin 2002 og 2003. Börnin voru látin fremja voðaverk í átökum í Ituri-héraði í austurhluta Kongó á þessum tíma. Hann er fyrsti maðurinn sem er dæmdur síðan dómstólnum var komið á fót fyrir tíu árum.

Saksóknarar höfðu farið fram á þrjátíu ára fangelsi yfir Lubanga



**FYRIR DÓMI** Thomas Lubanga mætir fyrir dóm í fylgd laganna varða. NORDICPHOTOS/AFP

en sögðust reiðubúnir að breyta kröfu sinni í tuttugu ár ef hann bæði fórnarlömb sín innilega afsökunar. Hann gerði það ekki.

Einn dómaranna skilaði séráliti og taldi að dómurinn hefði átt að taka tillit til þjáningar fórnarlamba sem hefðu verið pyntuð og beitt kynferðislegu ofbeldi. Þá hefur verið gagnrýnt að Lubanga hafi ekki verið ákærður fyrir kynferðislegt ofbeldi en talið er að ungar stúlkur hafi verið gerðar að kynlífsþrælum.

Lubanga hefur setið í varðhaldi í Haag frá árinu 2006 og mun sá tími dragast frá fangelsisdóminum. Ekki er enn ljóst hvar hann mun afplána dóminn. Dómstóllinn hefur gert samninga við sjö ríki um afplánun fanga sem dæmdir eru fyrir dómstólnum. **- þeb**

Þjónustan kann að vera ólík:

# Auglýsing Nova var ósanngjörn

**SAMKEPPNISMÁL** Auglýsing Nova um að fyrirtækið byði upp á 20 prósenta lægri símkostnað er villandi og ósanngjörn gagnvart keppinautum Nova. Þetta kemur fram í ákvörðun Neytendastofu.

Þótt Nova hafi með fullnægjandi hætti sýnt að félagið gæti lækkað símkostnað fyrirtækja um 20 prósent, gerði Neytendastofa athugasemd við að ekki kæmi fram í auglýsingunni að mismunur gæti verið á þjónustu sem keppinautar bjóða og Nova bjóði með 20 prósenta lækkun. **- ktg**






## HVER ÞREMILLINN!

Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *thremillinn@frettabladid.is*




# Skolp rennur úr yfirfalli fyrir regnvatn

**Skolp rennur með regnvatni út í Arnarneslæk í Garðabæ. Unnið er að því að laga gamlar syndir, segir forstöðumaður þjónustumiðstöðvar bæjarins.**

Úr yfirfallsröri fyrir regnvatn fellur skolp í Arnarneslæk í Garðabæ. Íbúi í nágrenninu segir lyktina vera eins og á útikamri. Rörið kemur frá einu af elstu hverfunum í Garðabæ, úr Mýrahverfi og Túnahverfi. Í læknum fljóta pappírstægjur og límast við steina og hvít slikja liggur á vatninu.

Samkvæmt heimildum blaðsins hefur þetta verið viðvarandi vandamál í um tuttugu ár. Foreldrar hafa kvartað þar sem börn þeirra hafa verið að leik í læknum rétt við yfirfallið.

Garðabær dælir öllu sínu skolpi til Reykjavíkur þaðan sem því er veitt lengst út á Faxaflóa. Rétt fyrir neðan lækinn er skolpfráveitustöð sem á að sjá til þess að skolpið rati rétta leið.

Sigurður Hafliðason, forstöðumaður þjónustumiðstöðvar Garðabæjar, segir að hverfið þarna fyrir ofan hafi byggst upp um 1980. Þar sé tvöfalt lagnakerfi, annað undir regnvatn og hitt undir skolp. Í byggingaferli hafa eigendur tengt skolplögn frá húsi sínu að næstu lögn. Sú lögn hafi hins vegar reynst vera regnvatnslögn en ekki skolplögn.

„Þetta eru gamlar syndir sem verið er að vinna í að verði lagað,“ segir Sigurður. „Við höfum verið að gera heilmikið af því að laga vitlausar tengingar. Það er hins vegar bæði tímafrekt og mjög dýrt. Eitthvað hefur klikkað í eftirliti þegar hverfið var að byggjast upp. Um leið og við heyrum um eitthvað svona þá er farið að skoða.“

Sigurður segir að önnur skýring á skolpinu í læknum sé að það renni á milli hólfa í brunnum. „Það var þannig á vissu tímabili, örugglega í kringum 1980, að einn brunnur var notaður



**YFIRFALLSRÖRIÐ** Úr þessu röri rennur skolp með regnvatni beint í Arnarneslækinn. Nokkrum metrum ofar er göngubrú yfir lækinn og börn oft að leik í eða við lækinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fyrir skolp og regnvatn. Þar er regnvatnið ofar en klóakið. Ef það kemur stífla í klóak þá getur runnið á milli.“

Garðabær veit af þessum brunnum og hefur eftirlit með þeim. „Við förum hvert einasta haust og kíkjum á þá brunna sem við vitum að eru gjarnir á að stíflast,“ segir Sigurður. „Þetta á ekki að gerast en það gerist alltaf eitthvað. Þetta er bara vandamál og vandamál eru til að leysa þau.“

**birgirh@frettabladid.is**

Óvenjumikið frjó í lofti í júní:

# Frjókorn fleiri í þurrki og hita

**NÁTTÚRA** Mikil frjódreifing var í Reykjavík í júní enda mánuðurinn óvenjuþurr. Heildarfjöldi frjókorna í júní reyndist 1.841 frjó á rúmmetra. Aðeins í fyrra mældust þau fleiri.

Á Akureyri var júní einnig þurrviðrasamur og hlýr. Frjókorn þar mældust yfir meðallagi miðað við árin 1998-2011, eða 235 frjó á rúmmetra lofts.

Aðalfrjótími grasa á Íslandi er fram undan en hámarkinu er yfirleitt náð í síðari hluta júlí eða byrjun ágúst. **- ktg**

Lögfræðingur í dýrarétti gagnrýnir framgang stjórnvalda í meðferð frumvarps um dýravelferð:

# Vill dýralögreglu sem sérhæfir sig í eftirliti

**DÝRAVELFERÐ** „Eftirlit með dýravelferð hér á landi er í mjög lágum gæðaflokki,“ segir Árni Stefán Árnason, lögfræðingur í dýrarétti. „Málarekstur tekur langan tíma, valdhafar beita ekki inngripum og hagsmunatengsl eru mjög rík.“

Árni samdi umsögn um frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins fyrir hönd Samtaka lífrænna neytenda. Hann telur að stofna eigi eftirlitsstofnun sem sjái eingöngu um dýravelferð.

„Eftirlitið væri betra í höndum dýralögreglu eins og til dæmis í Svíþjóð og víða í Bandaríkjunum,“ segir hann. „Sérstakri stofnun sem sérhæfir sig á þessu sviði og er ætíð aðgengileg og með viðbragstíma sem hæfir þegar upp kemst um illa meðferð á dýrum.“

Kristinn Hugason, deildarstjóri í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og formaður nefndarinnar sem kom að gerð frumvarpsins árið 2011, segir hugmyndina um dýralögreglu óraunhæfa. „Þetta er absúrd hugmynd í íslenskum veruleika,“ segir hann. „Ég bendi bara á þann fjárskort sem er fyrir í allri opinberri starfsemi. Þetta yrði allt of kostnaðarsamt og ég vil skora á fólk að taka á þessu með hófstillingu.“

Kristinn bendir á að með nýju löggjöfinni verði eftirlitshlutverk Matvælastofnunar bætt og umdæmisfulltrúar ráðnir til stofnunarinnar sem sinni einungis dýravelferðarmálum. Ráðist verði í endurskipulagningu á forðagæslu og búfjáreftirliti og þá verði eftirlitið fært frá sveitarfélögunum yfir til stofnunarinnar. **- sv**



**DÝRANÍÐ Í SVÍÞJÓÐ** Fertugur karlmaður í Svíþjóð var handsamaður af dýralögreglunni þar í landi fyrir að hafa fangað villta fugla og geymt þá í kofa við óviðunandi aðstæður. NORDICPHOTOS/AFP



**STRÆTÓ** Mikið af erlendri mynt skilar sér til Strætó árlega og þá mest yfir sumartímann. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Strætó styrkir langveik börn:

# Gefa 100 kíló af erlendri mynt

**SAMFÉLAGSMÁL** Forsvarsmenn Strætó afhentu Dóru Elínu Atladóttur, forstöðumanni Vildarbarna Icelandair, yfir hundrað kíló af erlendri mynt nýverið.

Vildarbörn Icelandair er ferðasjóður fyrir langveik börn og börn sem búa við sérstakar aðstæður.

Markmið sjóðsins er að gefa börnum á Íslandi og í nágrannalöndunum tækifæri til ferðalaga ásamt fjölskyldum sínum. Alls hafa 330 fjölskyldur notið stuðnings úr sjóðnum, en hann var stofnaður árið 2003.

Vigdís Finnbogadóttir er verndari sjóðsins. **- ktg**

Styrktaraðilar gagnrýndir:

# Efasemdir um McDonald's og Coca-Cola

**ENGLAND** Jacques Rogge, forseti Alþjóðlegu ólympíunefndarinnar, segir í viðtali við Financial Times að nefndin hafi íhugað að hætta við að hafa hamborgararisann McDonald's sem styrktaraðila. Segir hann að gagnrýni samtaka sem berjast fyrir bættri heilsu á tengsl skyndibitakeðja við Ólympíuleikana hafi farið vaxandi.

McDonald's hefur verið styrktaraðili leikanna frá 1976 og verður með fjóra stóra veitingastaði í ólympíuþorpinu í London í sumar. Coca-Cola hefur verið styrktaraðili frá 1928. Rogge segir vöruþróun fyrirtækjanna taka tillit til umræðunnar um bætta heilsu fólks. **- ibs**

Fjármálaráðherra Finnlands:

# Engin hótun vegna evru

**FINNLAND** Matti Hirvola, ráðgjafi Juttu Urpilainen, fjármálaráðherra Finnlands, segir fréttir af því að ráðherrann hafi hótað að yfirgefa evrusamstarfið rangar. Þannig mætti ekki skilja ummæli ráðherrans um að Finnar væru ekki reiðubúnir að ríghalda í evruna fyrir hvaða verð sem væri.

Evrópuvaktin vitnar í frétt AFP um viðtal ráðherrans við viðskiptablaðið Kauppalehti. Þar segir að ráðherrann hafi ítrekað að Finnar myndu ekki fallast á samrunaþróun í þá átt að þjóðir yrðu samábyrgar fyrir skuldum annarra þjóða eða vegna þeirrar áhættu sem þær vildu taka. **- ibs**



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sláttur og fyrirsláttur í Reykjavík:

## Loðin höfuðborg

Margir Reykvíkingar ergja sig þessa dagana á því hvernig borgarstjórninni virðist fyrirmunað að halda umferðareyjum og opnum svæðum víða um borgina sæmilega snyrtilegum. Órækt er eina orðið sem hægt er að nota yfir gras- og illgresisvöxtinn sem víða blasir við.

Borgin gefur þá skýringu að verið sé að spara og þess vegna sé sjaldnar slegið en áður. Það er reyndar ekki eina skýringin, þannig hafa tals- og fylgismenn borgarstjórnarmeirihlutans gefið til kynna að hátt gras, njóli, fíflar og annað illgresi sé beinlínis fallegt og eiginlega hafi alla tíð verið misráðið að slá borgarlandið svona ótt og títt á sumrin.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Sparnaðarröksemdin er auðvitað gild; það er úr minna að spila en áður. Samt er það nú svo að þrátt fyrir niðurskurð í nágrannasveitarfélögunum virðist ekki vera þeim ofviða að halda opnum svæðum snyrtilegum. Það er mikill munur á umhirðunni í Reykjavík og í bæjunum sem eru samvaxnir henni; sums staðar svo að það er nánast sársaukafullt að horfa yfir borgarmörkin.

Við viljum að borgin sé falleg og vel hirt. Þar þarf hver og einn auðvitað að leggja sitt af mörkum. Eigendum húsa og lóða ber samkvæmt lögum og reglugerðum skylda til að halda eignum sínum snyrtilegum. Flestir leggja sig fram við garðsláttinn og þeir sem trassa hann eru réttilega litnir hornauga af nágrönnum sínum.

Í lögreglusamþykktum og reglugerðum eru ákvæði sem eiga að hamla gegn órækt. Og hverjum er þar falið að hafa eftirlit með skerðingu gróðurs og snyrtimennsku og setja um hana nánari reglur? Jú, sveitarfélögunum. Hvernig á borgin að geta sinnt því eftirlitshlutverki sínu og verið góð fyrirmynd ef hún lætur svæðin sem hún á sjálf að hirða drabbast niður?

Það er erfitt að finna höfuðborg, sem er jafnloðin og Reykjavík hefur verið í sumar og fyrrasumar. Víðast hvar leggja stjórnvöld í höfuðborgum – og bara borgum yfirleitt – metnað sinn í að hafa opin svæði snyrtileg og aðgengileg. Ekki einu sinni í höfuðborgum þriðjaheimsríkja, þar sem fjárráðin eru minni en í Reykjavík, er illgresið jafnhátt og í höfuðborg Íslands. Þar er reyndar skýringin oft sú að búfé gengur laust meðfram götunum og sér um að snyrta gróðurinn. (Líklega er hættulegt að setja svona lagað á blað; borgarstjórnarmeirihlutinn gæti fengið fleiri „villtar“ hugmyndir við lesturinn.)

Þegar þolinmæði borgarbúa yfir óræktinni var á þrotum um þetta leyti í fyrrasumar, sendi borgin frá sér tilkynningu þar sem sagði: „Reykjavíkurborg hyggst skoða hvernig minnka má tún í borginni. Í stað mikilla grasflæma kæmu svæði með sjálfbærum plöntum sem sleppa minna af frjókornum út í andrúmsloftið. Markmiðið er að draga úr frjókornamagni, fegra umhverfið og minnka kostnað vegna grassláttar.“

Þetta er alveg sjónarmið. En það er líka dýrt að skipta um gróður á stórum svæðum. Og þangað til búið er að gera það, þarf einfaldlega að slá grasið og halda því snyrtilegu.

Borgaryfirvöld eiga að hætta þessum fyrirslætti og snúa sér að slættinum, þannig að Reykvíkingar geti hætt að skammast sín fyrir borgina sína.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Burt með forsetann

Ungir sjálfstæðismenn hafa löngum verið þeirrar skoðunar að leggja beri embætti forseta Íslands niður. Röksemdirnar fyrir þessari skoðun komu glögglega fram í ályktun Heimdallar frá árinu 2004. Þar er rakið að forsetaembættið hafi í upphafi átt að koma í stað embættis konungs og sé engu veigameira í íslensku stjórnkerfi en konungur var áður. Hlutverk forsetans sé táknræns eðlis og kostnaðarsamt fyrir skattgreiðendur, auk þess sem íslensk stjórnsýsla hafi löngum verið laus við prjál. „Stingur því hið þarflausa forsetaembætti nokkuð í stúf.“



### Höldum forsetanum

Það er því athyglisvert að sjá að í nýjum fjárlagatillögum Sambands ungra sjálfstæðismanna kveður við nýjan tón. „Ólíkt stefnu ungra sjálfstæðismanna sl. ár, og jafnvel áratugi, telja ungir sjálfstæðismenn óþarft að leggja niður embætti forseta Íslands.“ Ályktun Heimdallar var samþykkt í kjölfar synjunar forsetans á fjölmiðlalögum Davíðs Oddssonar. Nýja afstaðan kemur í kjölfar synjunar forsetans á Icesave-lögum Jóhönnu Sigurðardóttur. Svona getur sannfæring fylgt pólitískum vindum.

### Spörum stóryrðin takk



Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, biður fólk á Facebook-síðu sinni, lengstra orða að spara stóryrðin þegar kemur að umræðu um tillögur að skipulagi á Landsímareit og Ingólfstorgi. Sjálfur lýsir hann reitnum sem „einhverjum líflausasta, skuggsælasta og leiðinlegasta reit miðborgarinnar.“ Áhugavert væri að heyra hvernig Dagur mundi lýsa reitnum, ef hann hefði ekki sparað við sig stóryrðin.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Samhengi hlutanna

ESB-aðild

Gunnar Hólmsteinn Ársælsson
stjórnmálafræðingur

Fyrir skömmu greiddi Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum arð til hluthafa sinna. Upphæðin: 850 milljónir króna. Frá árinu 2007 hefur þetta EINA útgerðarfyrirtæki greitt hluthöfum sínum um 2,8 milljarða í arð, samkvæmt samantekt sem DV birti. Tvö þúsund og átta hundruð milljónir króna! Fyrir Íslending með meðallaun, um 325.000 á mánuði, tæki það um 217 ár að vinna fyrir þessari nýjustu arðgreiðslu. Vinnslustöðin er eitt þeirra fyrirtækja hér á landi sem sækir arð sinn í sameiginlega auðlind þjóðarinnar, fiskinn í sjónum.

> Vextir á Íslandi hafa til fjölda ára verið tvöfalt hærri á við Evrópu.

En það samhengi sem mig langar til þess að setja þessa EINU arðgreiðslu í er umsókn Íslands að ESB. Hún er nefnilega talin kosta álíka upphæð og þessi arðgreiðsla Vinnslustöðvarinnar fyrir árið 2011, eða um 950 milljónir króna. Samkvæmt áætlun utanríkisráðuneytisins.

Andstæðingar aðildar kvarta og kveina yfir því hvað þetta sé ofboðslega dýrt ferli og að landið hafi ekki efni á því. Sumir fara með fullkomið fleipur og tala um milljarða!

En það er augljóst mál að bara eitt íslenskt útgerðarfyrirtæki gæti borgað úr eigin vasa fjölmargar aðildarumsóknir að ESB, og án þess að það kæmi niður á rekstri fyrirtækisins! Til dæmis Vinnslustöðin.

Verði af aðild Íslands að ESB er nánast borðleggjandi að kostnaður íslensks atvinnulífs og almennra borgara mun lækka, í formi lægri vaxta. Vextir á Íslandi hafa til fjölda ára verið tvöfalt hærri á við Evrópu. Í því samhengi er rætt um tugi milljarða króna árlega, sem myndu væntanlega sparast. Vinnslustöðin í Eyjum myndi líka græða á því!

Eins og alkunna er, þá eru útvegsmenn Íslands nær alfarið á móti aðild Íslands að ESB, m.a. vegna ótta þeirra við að auðlindin verði tekin af Íslendingum (þeim?), en það er hræðsluáróður sem stenst ekki skoðun. Til að koma þessu sjónarmiði á framfæri keyptu útgerðarmenn fjölmiðilinn Morgunblaðið. Varla líður sú vika að ekki sé hamrað á því í blaðinu hvað ESB sé nú slæmt og hræðilegt.

Mörg útgerðarfélög gera hins vegar upp ársreikninga sína upp í evrum (stöðug og alþjóðleg mynt) og sum þeirra hafa jafnvel stungið upp á því að taka einhliða upp evru. Svona er nú margt skrýtið í henni veröld.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Er jörðin flöt? Enn um forsetann

Forseta-embættið

Skúli Magnússon
dósent við lagadeild HÍ



Í Bretlandi starfar félagsskapur, The Flat Earth Society, sem byggir á þeirri kennisetningu að jörðin sé kringlulaga og flöt. Þessi félagsskapur kemur óneitanlega upp í hugann þegar rifjaðar eru upp staðhæfingar í fjölmiðlum í kjölfar kosninga á þá leið að forseti Íslands sé í raun valdalaus eða gegni a.m.k. ekki neinu pólitísku hlutverki. Eftir synjanir forseta við lögum Alþingis í þrígang og tvær þjóðaratkvæðagreiðslur hefði einhver talið að umræða í þessa veru væri fyrir bí, ekki ósvipað því sem urðu að meginstefnu örlög hugmyndarinnar um „kringlu jarðar“. Auðvitað er þó ekkert við því að segja að einhver kjósi að halda fram andstæðum sjónarmiðum. Og ekki ber að gera lítið úr því að svona orðræða getur hvatt okkur til að skerpa á eða jafnvel taka viðteknar hugmyndir til endurskoðunar, jafnvel hugmyndina um að jörðin sé (nokkurn veginn) hnöttótt!

Þeir sem halda því fram að forsetinn sé valdalaus, eða gegni a.m.k. ekki pólitísku hlutverki, láta hins vegar yfirleitt ekki þar við sitja heldur telja nauðsynlegt að „skýra“ hlutverk hans í stjórnarskrá og þá til samræmis við hugmyndina um hinn valdalausa og ópólitíska forseta. Kenningin sem býr að baki þessum sjónarmiðum er sú að stjórnarskráin sé óskýr, ófullkomin eða a.m.k. úrelt um flest sem lýtur að stöðu forsetans. Látið er í veðri vaka að sitjandi forseti hafi með einhverjum hætti farið út fyrir stjórnskipulegar heimildir sínar, endurskilgreint lagalega stöðu embættisins, jafnvel „endurritað“ sjálfa stjórnarskrána. Vandamálið við þennan málflutning er að hér er lagareglum og pólitískum viðhorfum hrært saman þannig að óljóst er hvort þeirri róttæku túlkun er haldið fram að embættið sé valdalaust samkvæmt stjórnlögum eða hvort það „ætti að vera það“ í stjórnskipun morgundagsins.

> Eins og ég hef áður fjallað um á síðum blaðsins eru stjórnskipulegar heimildir forseta Íslands í öllum meginatriðum skýrar samkvæmt núgildandi reglum.

Eins og ég hef áður fjallað um á síðum blaðsins eru stjórnskipulegar heimildir forseta Íslands í öllum meginatriðum skýrar samkvæmt núgildandi reglum. Forseti getur synjað lögum Alþingis staðfestingar og hann veitir umboð til myndunar ríkisstjórnar. Formlegan atbeina forseta þarf einnig til allra meiriháttar stjórnarathafna ráðherra, t.d. skipunar embættismanna, útgáfu bráðabirgðalaga og þingrofs. Þótt í framkvæmd fari forseti að tillögu ráðherra við meðferð þessara heimilda (og þær séu því jafnan taldar „formlegar“ eða kenndar við „leppshlutverk forseta“), verður hann ekki þvingaður til að staðfesta tillögu ráðherra. Um þetta má lesa nánar í helstu fræðiritum um íslenskan stjórnskipunarrétt eða fletta upp í nýlegum Skýringum við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands (aðgengilegt á rafrænu formi í gagnasafni á www.stjornlagarad.is).

En er þá rétt að breyta framangreindum reglum, t.d. eins og fyrirliggjandi tillaga Stjórnlagaráðs gerir ráð fyrir? Svarið við þeirri spurningu ræðst af því hvers konar stjórnskipun við teljum æskilega svo og hvernig við sjáum fyrir okkur að slík skipun verði útfærð og tryggð í stjórnarskrá. Sú nálgun eða málsmeðferð sem við teljum rétt að leggja til grundvallar stjórnarskrárbreytingum skiptir þó ekki síður máli, einkum það hvort skynsamlegt er að umbylta gildandi stjórnskipun í einu vetfangi eða taka fleiri styttri og yfirvegaðri skref. Svarið felst hins vegar örugglega ekki í pólitískt innblásnum hártogunum á gildandi stjórnarskrá eða hreinni afneitun á lagalegum veruleika.

# Oliver Cromwell

Samfélagsmál

Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra



Ferðumst nú saman við tveir (tvö) aftur í aldir. Aftur um svo sem eins og 370 ár. Nemum staðar á Bretlandseyjum. Nánar tiltekið í Lundúnaborg. Frá tímum Jóhanns, sem kallaður var landlausi, hafði breska ríkisvaldið í höndum kóngsins verið svona heldur á fallanda fæti. Samkomur, sem kallaðar voru þing, mynduðust við að koma í staðinn. Þóttust best til þess fallnar að stjórna þjóðinni. Einmitt um þetta leyti, fyrir á að giska 370 árum, var eitt slíkt búið að sitja á rökstólum í Lundúnaborg samfellt í þrjú ár og sagðist vera að þinga um þjóðarhag en náði engum árangri. Eilíft þras og rifrildi en engin niðurstaða. Breska þjóðin var því orðin þreytt og uppgefin. Enginn treysti þinginu.

> Eilíft þras og rifrildi en engin niðurstaða. Breska þjóðin var því orðin þreytt og uppgefin. Enginn treysti þinginu.

Þegar svo illa var komið vildi svo vel til fyrir bresku þjóðina að einn góðan veðurdag steig hugsjónamaður fram fyrir þingið á gólfi þingsalarins svona eins og um þingsetningu væri að ræða. Þingmenn voru hissa. Vissu ekki að neitt slíkt stæði til. Vissu ekki hvers væri að vænta. Héldu líklega að ræðumaður hygðist taka þátt í deilunum á þinginu, sem staðið höfðu í þrjú ár án nokkurrar niðurstöðu. En það gerði ræðumaður ekki. „Þið eruð einskis nýtir,“ sagði hann við þingmennina … „Þið náið engum árangri. Burtu með ykkur og gefið heiðarlegu fólki svigrúm til þess að láta til sín taka.“ Svo rak ræðumaður þingmennina út. Þeir voru nefnilega einskis nýtir.

Ræðumaður þessi, sem kallaður hefði verið lýðforingi í Rómaveldi hinu gamla, tók síðan á sig þær þungu byrðar að stjórna bresku þjóðinni. Það þurfti hann að gera vegna þess að búið var að reka þingmennina enda þingið rúið öllu trausti, og enginn kóngur var lengur ínáanlegur á Bretlandseyjum rétt um þær mundir. Seðlabanki ekki starfandi. Ræðumaður tók sér heiðurstitil á ensku, „Lord Protector“ – sem þýddur hefur verið á voru ástkæra og ylhýra máli sem „Verndari þjóðarinnar“. Verndarinn sór þess eið að vernda þjóð sína fyrir rangsleitni þings og kóngs og illum utanaðkomandi og fjandsamlegum áhrifum útlendra þjóða, sem alltaf vilja heimaþjóðum illt eitt sama hvaða heimaþjóðir eiga í hlut.

Oliver Cromwell hét þessi verndari bresku þjóðarinnar gegn þingi og kóngi og vondum útlendingum. Hann stjórnaði Bretum til dauðadags með styrkri hendi, þoldi ekkert mas né múður og hleypti hvorki þingi, kóngi né útlendingum upp á dekk. Frægur maður í breskri sögu.

Svona var þetta nú þá, æruverðugi lesandi. En það er fjarska langt síðan.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**HERMANN RAGNAR STEFÁNSSON,** danskennari (1927-1997) fæddist þennan dag.
*„Að temja sér prúða framkomu er gulls ígildi í samskiptum við aðra.“*

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, systir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRDÍS *STELLA* BRYNJÓLFSDÓTTIR**
**Norðurbrú 5, Garðabæ,**

sem lést á Landspítalanum Fossvogi, miðvikudaginn 4. júlí, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 13. júlí kl. 13.00.

**Sigurður Þorsteinsson**
**Ragnheiður Benediktsdóttir**
**Brynjólfur Sigurðsson**
**Hrafnhildur Hlöðversdóttir**
**Steinunn Guðmundína Sigurðardóttir**
**Ásgeir Einarsson**
**Ruth Sigurðardóttir**
**Guðmundur Guðmundsson**
**Hrefna Sigurðardóttir**
**Baldur Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær unnusti minn, sonur, bróðir og tengdasonur,

**BALDUR ÞÓR RÍKHARÐSSON**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut sunnudaginn 8. júlí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Baldurs er bent á hjartadeild Landspítalans.

**Fyrir hönd annarra aðstandenda,**
**Ásta Sigurðardóttir**
**Sigríður Tómasdóttir**
**Guðjón Sverrisson**
**Ríkharður Hólm Sigurðsson**
**Harpa Eggertsdóttir**
**Tómas Waagfjörð**
**Anna Guðný Guðmundsdóttir**
**Sigurður Ingvi Snorrason**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ELSA KRISTÍN WIIUM**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni 20. júní sl. Útförin hefur farið fram. Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug. Starfsfólki Sóltúns eru færðar sérstakar þakkir fyrir góða umönnun.

**Agnar Ástráðsson**
**Kristján Ástráðsson**
**Pamela I. K. Thordarson**
**Kristín Kristjánsdóttir**
**Óskar Óskarsson**
**Þórir Baldvin, Óttar Máni**
**Dagur Þór**

†



Ástkær dóttir mín, systir, mágkona og frænka,

**BRYNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR**

sem lést á heimili sínu 4. júlí, verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 13. júlí kl. 11.00.

**Laufey Kristinsdóttir**
**Þorbjörg Magnúsdóttir**
**Rúnar Reynisson**
**Magnús Reynir Rúnarsson**
**Laufey Svafa Rúnarsdóttir**
**Kjartan Hugi Rúnarsson**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ERNA ADOLPHSDÓTTIR**

lést á Landspítalanum 2. júlí. Erna verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 13. júlí næstkomandi klukkan 13.00.

**Gísli Guðmundsson**
**Ingigerður Ágústa Guðmundsdóttir**
**Garðar Guðmundsson**
**Aagot Vigdís Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**LÉTTSVEIT TÓNLISTARSKÓLA REYKJANESBÆJAR** Sveitin heldur tónleika í kvöld í Hljómahöllinni áður en hún fer af landi brott að spila á alþjóðaráðstefnu tónlistarkennara og fyrir grískan almenning á götum úti.

**LÉTTSVEIT TÓNLISTARSKÓLA REYKJANESBÆJAR:** ER Á LEIÐ TIL GRIKKLANDS

# Ekta Miðjarðarhafsstemning

Léttsveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar hefur þegið boð um að halda tvenna tónleika á ráðstefnu samtakanna International Society of Music Education, skammstafað ISME. Karen J. Sturlaugsson er stjórnandi sveitarinnar. „Ráðstefnan verður í Þessaloníku í Grikklandi dagana 15. til 20. júlí í flottri tónlistarhöll sem ég held að sé nýleg, hún minnir svolítið á Hörpuna okkar. Mér finnst Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og tónlistarmenntun á Íslandi sýnd virðing með þessu boði og jafnframt er þetta stórt tækifæri fyrir Léttsveitina,“ segir hún.

Karen segir hljómsveitina hafa látið forsvarsmenn ráðstefnunnar vita af sér. „Þeir bentu okkur á að hlaða tónlist frá okkur upp á Youtube og sögðust svo hafa samband ef þeir hefðu áhuga. Það gerðu þeir, kváðust endilega vilja fá okkur. Það var æðislegt.“

Samtökin ISME voru stofnuð 1953 og standa reglulega fyrir menntaráðstefnum um tónlist. Þangað er skólahljómsveitum og skólakórum alls staðar að úr heiminum boðið og þykir mikill heiður að fá að halda tónleika þar.

Léttsveitin úr Reykjanesbæ ætlar að spila víðar þegar ráðstefnunni lýkur. „Við ákváðum að fyrst við værum komin alla þessa leið yrðum við að skoða okkur aðeins um svo við förum að minnsta kosti til Aþenu og spilum þar. Á leiðinni þangað gistum við í borginni Maraþon og höldum tónleika þar líka. Um útitónleika verður að ræða á báðum stöðum og þar sem það er svo heitt á daginn í Grikklandi á þessum árstíma verða það kvöldtónleikar. Fólk borðar seint og er mikið úti við á kvöldin. Þetta verður ekta Miðjarðarhafsstemning.“

Karen, sem er vesturíslensk en ólst upp í Boston, hefur stjórnað Léttsveitinni frá 1988 og oft farið með hana út fyrir landsteinana. Ekki þó sama hópinn því þar er stöðug endurnýjun eins og eðlilegt er um skólahljómsveit. Hún segir hörkugaman að stjórna svona stórsveit. „Það er til svo mikið af skemmtilegri tónlist fyrir svona band, bæði gamalli og nýrri,“ segir hún.

Ekki má svo gleyma að geta þess að Léttsveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar heldur tónleika í kvöld klukkan 20 í Hljómahöllinni Stapa í Reykjanesbæ, þá síðustu áður en hún flýgur til Grikklands.

gun@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. JÚLÍ 1972

# Einvígi aldarinnar hófst



Skákeinvígi Bandaríkjamannsins Roberts Fischer og Sovétmannsins Boris Spassky hófst í Reykjavík þennan dag árið 1972. Þar kepptu þeir um heimsmeistaratitilinn í skák. Spassky hafði titil að verja. Á ýmsu gekk enda var kalt stríð milli risaveldanna í algleymingi á þessum tíma. Þetta var ávallt kallað einvígi aldarinnar eftir það.

Fischer hafði ekki mætt til setningarathafnarinnar. Mikil eftirvænting ríkti því þegar einvígið skyldi hefjast og voru áhorfendur í Laugardalshöll rúmlega 3000 talsins. Spassky mætti á slaginu fimm, lék fyrsta leik og yfirgaf sviðið. Fagnaðarbylgja fór um salinn þegar Fischer gekk inn sjö mínútum síðar og lék svarleikinn.

Spassky vann öruggan sigur í þessari fyrstu skák. Fischer kenndi kvikmyndavélum um sinn einbeitingarskort og krafðist þess að losna við þær.

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA SIGURJÓNSDÓTTIR**
**fyrrum húsfreyja á Breiðabóli, Svalbarðsströnd,**

verður jarðsungin frá Svalbarðskirkju, föstudaginn 13. júlí kl. 14.00.

**Hilmar Stefánsson**
**Vignir Stefánsson**
**Heimir Stefánsson**
**Aðalheiður Stefánsdóttir**
**Svala Stefánsdóttir**
**Alda Stefánsdóttir**
**Linda Stefánsdóttir**
**Jón Haukur Stefánsson**
**Elín Valgerður Eggertsdóttir**
**Kristín G. Pálsdóttir**
**Gísley G. Hauksdóttir**
**Þorgils Jóhannesson**
**Þröstur Óskar Kolbeins**
**Bjarni Pálsson**
**Gylfi Halldórsson**
**Guðrún Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**EINAR JÓNSSON**
**fyrrv. útgerðarmaður frá Patreksfirði,**

lést laugardaginn 30. júní. Útför hans fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 14. júlí kl. 14.00.

**Dröfn Árnadóttir**
**Árni Freyr Einarsson**
**Elín Kristín Einarsdóttir**
**Atli Már Einarsson**
**Perla Ösp**
**Einar**
**Sara Eygló**
**Selma Dröfn**
**Alexíus Bjartur**
**Aldís Lind**
**og systkini hins látna.**
**Þorbjörg Sólbjartsdóttir**
**Haraldur Árni Haraldsson**
**Margrét Hólmfríður Magnúsdóttir**



## GÖNGULEIÐIR Í HVALFIRÐI

**Í Hvalfirðinum, steinsnar frá ys og þys borgarinnar, er mikið um fallegar gönguleiðir. Hægt er að fara í fjörugöngu um Botnsdalinn, ganga fornu þjóðleiðirnar yfir Leggjabrjót (á Þingvöll) og Síldarmannagötur (í Skorradal). Þá er hægt að ganga upp að Glym, hæsta fossi landsins.**


BRÚÐKAUPSGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum
TILBOÐ

Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Hugsaðu vel um fæturna
Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: Arisona. St. 35 – 48. Verð: 12.885,-

Misty skor Laugavegi 178
BIRKENSTOCK
Vertu vinur
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is


Blöndunartæki
fyrir heita potta 52 l./mín.
Mjög afkastamikið tæki.
Hringás
Hringás ehf - Skemmuvegur 10 (blá gata) - 200 Kópavogur - Sími: 567 1330

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara




# VIÐBÓT Í SAFNIÐ

**FRÁ AFRÍKU** *Páll Reynisson, stofnandi Veiðisafnsins á Stokkseyri, bíður eftir sjö uppstoppuðum dýrum, þar á meðal þriggja tonna nashyrningi.*

Páll Reynisson fór í veiðiferð til Suður-Afríku rétt fyrir áramótin 2010. „Dýrin áttu að koma hingað til lands um síðustu áramót, uppstoppuð og tilbúin á safnið. Ég veiddi dýrin sjálfur en þetta eru rúmlega tveggja metra strútur, krókódíll, fjórar mismunandi antilópur og nashyrningur,“ segir Páll. „Ástæðan fyrir því að dýrin eru ekki komin til landsins er að það þarf sérstaka pappíra með krókódílnum sem fóru í tóma vitleysu. Það er löngu búið að stoppa dýrin upp og þau tilbúin.“

Nashyrningurinn er þó ekki uppstoppun af sjálfu dýrinu því nashyrningurinn sem Páll skaut skokkar enn um sléttur veiðisvæðisins Limpopo. „Þetta er mót af framparti af þriggja tonna nashyrningi sem ég skaut. Veiðiþjófar drepa nashyrninga fyrir hornin þeirra sem eru seld í lyf til Asíu. Nú er svo komið að til að bjarga þeim fáu dýrum sem eftir eru frá útrýmingu eru þau skotin með pílu og svæfð. Hornið er skorið af þeim og þeim sleppt. Þá eru dýrin orðin verðlaus fyrir veiðiþjófana og fá að lifa. Þetta er kallað björgunarveiði.“

Eftir að Páll felldi dýrið með svefnlyfinu var það mælt í bak og fyrir og uppstopparanum send málin. Hann gerði svo eftirlíkingu úr plastefni af nashyrningnum sem Páll bíður nú spenntur eftir að geta bætt við sitt glæsilega safn. „Upplifunin af þessari veiði var eins og af annarri veiði þrátt fyrir að þetta hefði verið mikil framkvæmd. Þetta var eins og að labba inn í sjónvarpsþátt, það voru ellefu manns á svæðinu, þrír jeppar, talstöðvar, byssur, pílur, lyf, þyrla og flugmenn. Ég skaut dýrið á 27 metra færi með einu skoti og þá fór allt af stað. Þyrlan fer af stað því það þarf að fylgjast með nashyrningnum áður en hann dettur. Ef hann dettur sjálfur er hætta á að hann brjóti bein í sér undan eigin þunga. Þetta gengi sem ég var með var búið að taka tuttugu dýr á einni viku. Til þess að fá peninga í kassann og halda þessum björgunaraðgerðum gangandi er veiðimönnum seldur rétturinn á að taka skotið. Þetta var meira spennandi veiði en hefðbundin veiði því það er engin önnur byssa með ef eitthvað hefði farið úrskeiðis, ég þurfti að treysta alveg á sjálfan mig og ef nashyrningurinn hefði séð mig þá hefði ég ekki átt séns,“ segir Páll og virðist ánægður með síðustu veiðiferð og afrakstur hennar.

■ lilja.bjork@365.is

**NASHYRNINGNUM NÁÐ**

Páll Reynisson safnaraveiðimaður bætti nashyrningi í veglegt safn sitt í veiðiferð til Suður-Afríku. Í ferðinni felldi hann einnig strút, krókódíl og fjórar antilópur.

## MIKIL UPPLIFUN

„Þetta var eins og að labba inn í sjónvarpsþátt, það voru ellefu manns á svæðinu, þrír jeppar, talstöðvar, byssur, pílur, lyf, þyrla og flugmenn. Ég skaut dýrið á 27 metra færi og þá fór allt af stað.“


MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA

Sérstök brúðkaupsgjöf
KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.


Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.
Gildir um KitchenAid hrærivélar
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## GISTIÐ HJÁ GÍRÖFFUM

**Giraffe Manor í Keníu**

**FJÖLBREYTT DÝRALÍF** Þeir sem eru að leita að ævintýralegu fríi gætu haft gaman af því að gista á hótelinu Giraffe Manor rétt fyrir utan Naíróbí í Keníu. Hótelið er raunar herragarður sem byggður var árið 1932.



Hann stendur á stóru landsvæði þar sem margar dýrategundir búa, þar á meðal stór hjörð Rothschild-gíraffa. Þeir eru gæfir og gera sér lítið fyrir og stinga höfðinu inn um gluggann í matartímanum og gæða sér á kræsingum með heimilisfólkinu.

Aðrir ábúendur jarðarinnar eru meðal annars vörtusvín, stórar og smáar antilópur og hátt í tvö hundruð fuglategundir. Í nágrenninu er svo hægt að heimsækja munaðarleysingjahæli fyrir fíla.

Þetta er því augljóslega draumastaður fyrir dýraunnendur.












**FLOTTUR STAÐUR** Le Bernardin er ákaflega fallegur staður sem býður upp á þriggja Michelin-stjörnu mat.

# BESTA VEITINGAHÚSIÐ

**FÁ EINKUNN** *Ferðamenn gefa veitingahúsum, hótelum og ferðamannastöðum einkunn á TripAdvisor. Þetta auðveldar fólki að finna réttu staðina.*

Besta veitingahúsið er í New York samkvæmt TripAdvisor. Kvöldverður fyrir tvo á þessum franska fiskréttastað á 51. stræti á Manhattan kostar um 700 Bandaríkjadali eða um 89.000 krónur. Fyrir þetta verð fást átta réttir að vali kokksins með góðum vínum. Veitingahúsið, sem heitir Le Bernardin, hefur hlotið þrjár Michelin-stjörnur og fengið lof og hrós á öllum netsíðum sem fjalla um matsölustaði.

Meðal þess sem velja má af matseðli Le Bernardin er kavíar-tartar með Dom Pérignon kampavíni eða heitt humar-carpaccio með frönsku hvítvíni, Domaine Huet Le Haut-Lieu.

Í hádeginu er hægt að borða fyrir minni pening eða um sjö þúsund krónur á mann.

„Þetta er hin fullkomna sinfónía," segir meðal annars í dómum ferðalanga á TripAdvisors en góðar umsagnir gesta skipta miklu máli fyrir veitingastaði.

Le Bernardin var opnaður fyrst í París árið 1972 en fluttist til New York fjórtán árum síðar. Vafalítið þarf að panta borð þar með góðum fyrirvara.

**10 BESTU VEITINGAHÚSIN AÐ MATI TRIPADVISOR ERU**

1. **Le Bernardin,** New York City
2. **Restaurant Gary Danko,** San Francisco
3. **Le Cirque (Bellagio),** Las Vegas
4. **Girl & The Goat,** Chicago
5. **Le Gavroche,** London
6. **La Pergola,** Róm
7. **Ciya Sofrasi,** Istanbúl
8. **Guy Savoy,** París
9. **Europea,** Montreal
10. **Toulouse Petit,** Seattle

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427



# FYNDNIR SMÁVINIR

**FRIÐLAND FUGLA** *Vissir þú að íslenska lóan sigraði í Eurovision fugla? Frumlegasta fuglasýning lýðveldisins er á Húsabakka í Svarfaðardal í sumar. Þar má snerta sýningarmuni og hlæja.*

Venjulega horfir maður á fugla í skápum en á þessari sýningu koma þeir út úr skápnum,“ upplýsir Hjörleifur Hjartarson í Náttúrusetrinu á Húsabakka í Svarfaðardal. Þar stendur yfir sýning ólík öllum öðrum og einstök skemmtun fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra.

„Við ákváðum að brjóta allar reglur á þessari sýningu. Ein þeirra er sú að það á alltaf að vera alvarlegur á söfnum en þessi sýning er mjög óalvarleg og jafnvel fyndin á köflum. Þá brutum við regluna um að vísindi og þjóðtrú séu ekki jafn merkileg og blönduðum saman öllu um fugla í íslensku þjóðlífi, menningu og þjóðtrú en líka þróunarsögu þeirra, líffræði og eðlisfræði,“ útskýrir Hjörleifur.

Sýningin er sett upp á snjallan, aðgengilegan og skemmtilegan máta. Þar eru snertanlegir munir og hægt að gera tilraunir með gogga sem henta mismunandi fæði og mismunandi form eggja sem henta ólíku landslagi.

„Fuglar eru spennandi því við sjáum þá vel en vitum svo óskóp fátt um þá. Þeir hafa fjölbreytilegt háttalag og ótal margt sem kemur skemmtilega á óvart, eins og hvar þeir eru á veturna, hversu oft þeir hafa fataskipti og hversu fjölskyldulíf þeirra er mismunandi. Sumir skilja eftir að ungar koma úr eggjum, aðrir reka barnaheimili, einhverjir stunda fjölkvæni og sumar kerlingar skilja bóndann eftir með ungahópinn og finna sér nýjan maka,“ segir Hjörleifur en frá þessu öllu og meira til er greint frá á lifandi og nýstárlegan hátt í Náttúrusetrinu.

Um síðustu mánaðamót opnuðu fræðslustígar í Friðlandi Svarfdæla sem líka tengjast sýningunni.

„Sýningin á Húsabakka er forstofa að Friðlandi Svarfdæla, elstu votlendisfriðunar á Íslandi, og þeim síkvika ævintýraheimi sem þar er að finna þegar fuglalífið er í mestum blóma. Gestir geta því á eigin vegum gengið um stígana, fræðst um náttúruna og notið söngs fugla, anganar blóma og hrikalegrar fegurðar hins Svarfdælska fjallahrings.“

Opið er alla daga í sumar frá 12 til 17.

■ **thordis@365.is**




**ENGIN VENJULEG SÝNING**
Um síðustu mánaðamót opnuðu fræðslustígar í Friðlandi Svarfdæla sem tengjast sýningunni.



**ÓVÆNT NÁLGUN**
***Á sýningunni má meðal annars sjá lóu baðast diskóljósum, ástalíf óðinshanans er opinberað og veðurfræði himbrimans brotin til mergjar.***

## BORGAÐ MEÐ LISTAVERKI

**■ Listhneigðir geta fengið ókeypis hótelgistingu í Stokkhólmi**

**Clarion-hótelið í Stokkhólmi býður gestum sem þess óska að borga fyrir gistinóttina með listaverki. Hugmyndina átti framkvæmdastjóri hótelsins sem vill heiðra minningu afa síns, sem var listamaður, með þessum hætti. Gestir sem leggja fram eigið listaverk fá að gista á hótelinu í eina nótt. Hver sem er getur gefið listaverk.**

**„Við höfum engar forsendur til að meta hvað er list og hvað ekki,“ segir Tess Mattisson, markaðsstjóri hótelsins. Við erum sérfræðingar í gistirýmum og bjóðum þau með glöðu geði. Allir eru velkomnir. Ungir og upprennandi listamenn jafnt sem eldri og reyndari.**

**Verkin þurfa öll að passa á A4 blað og að vera merkt listamanninum. Þeim þarf að framvísa við komuna á hótelið. Nánari upplýsingar er að finna á www.clarionstockholm.com.**






*Solla með tvo af nýju réttunum*

# Gómsætt og hollt

## Enchilada er það nýjasta á Culiacan

Culiacan hefur sett á matseðil nýja tegund af réttum kallaða HOT PLATE, sem kemur þannig til að þeir eru bornir fram á heitum pönnudiskum. Sósan og osturinn sett ofaná svo hann bráðnar.

Við erum stöðugt að þróa matinn okkar og þessa rétti er okkur búið að langa að setja á matseðilinn lengi. Loksins fundum við réttu diskana til að gera þetta mögulegt. Réttirnir eru bornir fram á sjóðandi diskum, beint úr ofninum, þannig að þeir eru allt öðruvísi en það sem við höfum verið að gera hingað til.

Enchilada þekkja margir frá Mexíkó og svo erum við búin að betrumbæta Super-nachosið okkar þannig að núna setjum við ost yfir og bræðum í grillinu, segir Sólveig Guðmundsdóttir stofnandi Culiacan.

Hægt er að velja um þrjár tegundir af Enchilada. Þetta eru kjúklinga, nautakjöts og svo Enchilada hlauparans, sem er réttur sérstaklega þróaður af Fríðu Rún Þórðardóttur og Steinari B. Aðalbjörnssyni sem nýverið gáfu út bókina Næring Hlaupara. Þau eru bæði næringafræðingar og íþróttafólk. Bókin er skrifuð með það að markmiði að aðstoða hlaupara og aðra þá sem stunda úthaldsíþróttir við að auka vellíðan við æfingar, auka ánægjuna af hlaupunum og bæta árangurinn með því að taka mataræðið fastari tökum.

Eins og allur matur á Culiacan er lögð áhersla á hollustu og ferskleika. Við vitum að það er erfitt að velja vel þegar kemur að skyndibita og það er markmið okkar að bjóða uppá gómsætan mat sem er jafnframt hollur.

Til að kynna réttina erum við með leik á Facebook þar sem dregið verður út máltíð á hverjum degi.

Aðalvinningurinn er að verðmæti 135.000 kr en það er matarúttekt hjá Culiacan, 6 mánaða kort í Hreyfingu, hlaupaskór og flaga frá Nike ásamt bókinni Næring hlaupara. Hann verður dreginn út 1. ágúst. Endilega vera með á Facebook, finnið okkur undir “Culiacan HollurogGóður”. Það verður leikurinn og einfalt að taka þátt.



*Enchilada hlauparans*



LJÓSMYND TORFI AGNARSSON

*Fríða Rún og Steinar þróuðu rétt hlauparans*

**Suðurlandsbraut 4A • sími 533-1033 • culiacan.is**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** á eftir, **6.** frá, **8.** tilvera, **9.** útdeildi, **11.** gangflötur, **12.** botnfall, **14.** flott, **16.** kallorð, **17.** fýldur, **18.** beita, **20.** eldsneyti, **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gól, **3.** tveir eins, **4.** olnbogarými, **5.** að, **7.** pest, **10.** fát, **13.** eldsneyti, **15.** traðkaði, **16.** rámur, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** næst, **6.** af, **8.** ævi, **9.** gaf, **11.** il, **12.** grugg, **14.** smart, **16.** hó, **17.** súr, **18.** áta, **20.** mó, **21.** stál.

**LÓÐRÉTT: 1.** gagg, **3.** ææ, **4.** svigrúm, **5.** til, **7.** farsótt, **10.** fum, **13.** gas, **15.** tróð, **16.** hás, **19.** aá.




**Kleppsvegur** 104 Reykjavík

Mjög góð 4ra herbergja íbúð
Arin í stofu, tvennar svalir
Þvottahús inn af eldhúsi
Góð staðsetning
Fallegt hús og stór garður



Nánari upplýsingar veitir
**Halldór Ingi Andrésson**
löggiltur fasteignasali
**sími:** 897 4210
halldor@miklaborg.is

Verð: **27,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



## Sjóðurinn Gjöf Jóns Sigurðssonar

Auglýst er eftir umsóknum um verðlaun úr sjóðnum. Ítarlegri auglýsingu og upplýsingar er að finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis:

**http://www.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjodir-og-eydublod/menningarmal/nr/6964.**

Umsóknir skulu berast fyrir 1. september 2012.

***Reykjavík, 10. júlí 2012***
***Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar***



*www.hafnarfjordur.is*

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Færanlegar kennslustofur óskast til leigu eða kaups

Hafnarfjarðarbær óskar eftir þremur færanlegum kennslustofum um 70 m² hver, til leigu eða kaups fyrir næsta skólaár.

Frekari upplýsingar fást hjá Svanlaugi Sveinssyni á umhverfis- og framkvæmdarsviði gsm 6645638.

*Umhverfis- og framkvæmdarsvið*


# Eggin í Gleðivík

BAKÞANKAR
**Brynhildar Björnsdóttur**



Þegar komið er inn á Djúpavog greinist gatan í tvær áttir. Önnur leiðin liggur niður á bryggjuna þar sem falleg gömul hús prýða umhverfið. Í hina áttina bendir skilti sem á stendur Eggin í Gleðivík. Beygðu í þá átt, í átt til Gleðivíkur, þar sem einu sinni var loðnubræðsla sem síðan var lögð niður og eftir stóð verksmiðjan ein. Keyrðu fram hjá hinu skemmtilega og leyndardómsfulla Hvarfi þar sem tvær hvalabeinagrindur standa vörð um ævintýraheim þar sem hundur syngur og hægt er að fræðast um töfrasteina en passaðu að kíkja þar við í bakaleiðinni. Og svo sérðu Eggin í Gleðivík.

**EGGIN** í Gleðivík eru eftir Sigurð Guðmundsson myndlistarmann og voru sett upp árið 2009, aðeins ári eftir að innvolsið úr fiskmjölsverksmiðjunni í Gleðivík var selt til Mexíkó. Þessi listaegg liggja á steinstólpum sem áður studdu löndunarbúnað fyrir fiskmjölsverksmiðjuna. Þar standa þau heiðursvörð við væntanlegan landgang skemmtifarþegaskipa sem lagst geta þar við bryggju en heilsa um leið hafinu og firrðinni í firðinum.

**EGGIN** í Gleðivík eru 34, öll risastór og jafnstór nema eitt sem er stærra. Það er egg lómsins, sem er einkennisfugl Djúpavogs. Að öðru leyti eru þetta nákvæmar eftirlíkingar eggja þeirra þrjátíu og fjögurra fuglategunda sem helst verpa á Djúpavogi, gerð úr sléttu, gljáandi graníti og örugglega mörg hundruð kíló hvert. Þarna má finna egg þrastar, skúms, maríuerlu, jaðrakans og alls konar annarra fugla. Uppáhaldsegg í boði fyrir alla. Risastór. Undurfalleg. Mögnuð.

**UM** Eggin í Gleðivík sagði Jón Baldur Hlíðberg, teiknari og leiðsögumaður, í bréfi sem hann sendi bæjarstjórn Djúpavogs þegar listaverkið var afhjúpað: „Eggið er svo miklu meira en stúdía í formi … Egg er fyrirheit, egg er öryggi, egg er endurnýjun og í egginu hvílir framtíðin … Það að ekki stærra pláss en Djúpivogur skuli skarta þessu verki, einu stærsta og best heppnaða listaverki landsins, ber vott um einhvern sérstakan kraft, áræði og bjartsýni.“ Og öll þessi orð eru hinum jafnsönn og einhvern veginn nákvæmlega það sem mig langaði til að segja.

**Í** stillu og sól í gærkvöldi sá ég sem sagt Eggin í Gleðivík. Ég hafði aldrei séð þau áður. Ég hafði ekki hugmynd um að þau væru þarna, ævintýri sem beið eftir því að ég fyndi það og upplifði. En þó að þið eigið ekki leið um Djúpavog er engin ástæða til að örvænta. Ísland er troðfullt af svona ævintýrum. Þau eru í hverju byggðarlagi, nánast á hverju strái, og af þeim drjúpa töfrar eins og smjör. Eða egg.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Tónlist ★★★★☆

**Sumartónleikar í Skálholtskirkju**
Verk eftir Hafdísi Bjarnadóttur m.a. við ljóð Einars Más Guðmundssonar

**Skálholt 7. júlí**

## Horft inn í annan heim

Eitt ástsælasta skáld þjóðarinnar var klætt í tónrænan búning núna um helgina. Þetta var Einar Már Guðmundsson á tónleikum í Skálholtskirkju. Tónskáldið var Hafdís Bjarnadóttir. Hún er hið svokallaða staðartónskáld sumartónleikanna í Skálholti í ár. Fyrir þá sem ekki vita eru sumartónleikarnir árleg tónlistarhátíð sem yfirleitt hefst í lok júní og stendur fram í miðjan ágúst. Mörg merkileg tónverk hafa verið frumflutt þar í gegnum tíðina.
Kórinn Hljómeyki söng undir stjórn Mörtu G. Halldórsdóttur. Segjast verður eins og er að söngurinn var ekkert sérstakur í byrjun. Hann var ónákvæmur, jafnvel fálmkenndur. En það lagaðist fljótt. Kórinn hrökk í gang, og túlkunin varð falleg, andaktug og tilfinningarík.
Verk Hafdísar voru skemmtileg. Stundum voru þau fremur kaótísk í upphafi, full af andstæðum, þrungin innri baráttu. En svo runnu ólík stef saman, fókusinn varð skýr; ómenguð en draumkennd stemning varð ríkjandi. Mörg slík augnablik voru ákaflega áhrifamikil.
Rafgítarhljóð mögnuðu oftar en ekki upp stemninguna. Tónskáldið sjálft stóð fyrir því ásamt Ragnari Emilssyni. Það voru ekki nein gítar-riff eins og heyra má á rokktónleikum. Þetta voru þokukenndir hljómar, fjarlægur kliður, jafnvel muldur. Þeir voru kryddaðir ómi úr tíbetskum bjöllum og söngskál. Þannig skapaðist dýpt, eitthvað órætt sem var dásamlega fagurt. Svo fagurt að maður sá inn í annan heim. Það gerði a.m.k. undirritaður!
Ljóðin eftir Einar Má voru Tónar úr eldhúsi minninganna, Trúin á spurningamerkið, Tunglsjúkar nætur og Skjálftablús. Það síðastnefnda var hér klætt í blústónlistarbúning, sem var skemmtilegt tilbrigði við annað á dagskránni. Eins og áður sagði spilaði Hafdís á rafgítar ásamt Ragnari. Inn á milli kórverkanna voru gítartónsmíðar, fíngerðar og látlausar. Þær rímuðu fullkomlega við sönginn.
Svona getur ný tónlist verið spennandi. Og talandi um það: Maður hefði viljað sjá fleiri ný verk á dagskránni í Skálholti í sumar. Meiri nýsköpun. Áherslan þar núna er á endurreisnartónlist og barokk. Það er góðra gjalda vert, en geisladiskar með slíkri tónlist eru óteljandi. Tónleikar í Skálholti með gömlum lummum bæta varla miklu við.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Hafdís Bjarnadóttir tónskáld hefur verið fremur áberandi undanfarið. Verkin nú voru það langbesta eftir hana sem ég hef heyrt. Hún er greinilega vaxandi tónskáld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 11. júlí 2012**

**Tónleikar**

**12.00** Jörg Sondermann leikur á orgel Dómkirkju Krists konungs í Landakoti á orgelandakt á hádegi. Aðgangur er ókeypis.

**12.00** Kammerkórinn Schola cantorum syngur fagra íslenska og erlenda kirkjutónlist undir hvelfingum Hallgrímskirkju. Miðaverð er kr. 1.500.

**21.00** Karlarnir á Tunglinu verða með djasstónleika á Café Rosenberg. Spiluð verða djass- og latínlög og er aðgangur ókeypis.

**Tónlist**

**20.00** Hljómsveitin Skuggamyndir eða Byzantine Silhouette flytur fjöruga tónlist frá Balkanskaganum í Bláu kirkjunni á Seyðisfirði.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**






LÁTTU FAGMENN METa GULLIÐ

Sérstaða okkar hjá **Jóni og Óskari** er sú að við höfum keypt og selt gull í 41 ár og búum því yfir mikilli þekkingu, reynslu og fagmennsku á þessu sviði.

Við kaupum til endurvinnslu allar tegundir af **gullskartgripum**, gamla og nýja, gullúr, tanngull, gullpeninga, hvers kyns silfur og demanta í betri skartgripagæðum.

Við bjóðum gott og alþjóðlega samkeppnishæft verð fyrir gripina og framleiðum úr öllu gulli sem við kaupum. Þannig spörum við gjaldeyri.

Komdu til okkar á **Laugaveg 61** og leyfðu okkur að veita þér **faglega ráðgjöf** sem tryggir að þú færð rétta greiningu á þínum verðmætum. **Það skiptir mestu máli.**

Við staðgreiðum allt gull en áskiljum okkur rétt til að biðja um persónuskilríki.
Aðeins í verslun okkar að Laugavegi 61, virka daga milli kl. 10–18.

Góð séraðstaða þar sem gull er metið í ró og næði.

JÓN & ÓSKAR

PIPAR\TBWA • SÍA • 121816

www.jonogoskar.is Sími 5524910 / Laugavegi 61 / Kringlan / Smáralind



POTTURINN STEFNIR Í 110.000.000 +790.000.000

900 MILLJÓNIR

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 900.000.000

Fyrsti vinningur stefnir í 110 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 790 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**



FÍTON / SÍA

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 11. JÚLÍ 2012

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |



**SKÖPUNARGLEÐI** Curver, stjórnandi verkefnisins fyrir hönd Bjarkar, stillir sér upp fyrir miðju umkringdur hressum og skapandi þátttakendum í Biophiliu-smiðju.

# Merkilegt framhald fyrir tónvísindasmiðjur Bjarkar

**Biophiliu-tónvísindasmiðjur Bjarkar hafa farið sigurför um heiminn. Stór áfangi næst með opnun slíkrar smiðju í Borgarbókasafninu í New York á fimmtudaginn.**

„Þetta framhald er stór áfangi fyrir tónvísindasmiðjur Bjarkar en við höfum leitað eftir slíku,“ útskýrir Curver Thoroddsen, sem stýrir Biophiliu-kennsluverkefninu fyrir hönd Bjarkar Guðmundsdóttur. Með orðunum á hann við smiðju sem hefst næstkomandi fimmtudag í New York Public Library en verkefnið er framhald af smiðjum sem haldnar voru í tengslum við Biophiliu-tónleika Bjarkar í borginni í ársbyrjun.

„Aðstandendur bókasafnsins sýndu verkefninu mikinn áhuga og vildu strax fá það til sín,“ segir hann en þeir fengu að koma í heimsókn og heilluðust upp úr skónum.

Smiðjan verður haldin einu sinni í viku, tvo og hálfan tíma í senn, og eitt lag af Biophiliu-plötunni verður tekið fyrir í hvert skipti. Tónlistar- og vísindahlið laganna verða skoðaðar og iPad-spjaldtölvur notaðar við kennsluna en þátttakendur semja á tíu mismunandi forrit sem sum hver eru líkt og hljóðfæri. Þau fá að því loknu að eiga upptökur af öllu. Aðalatriðið er að hvetja þau til að skapa,“ segir hann. Uppbókað er í smiðjuna sem er ókeypis og stendur til áramóta í tveimur útibúum safnsins.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR**

Grunnur var lagður að kennsluháttum prógrammsins af vísindamönnum frá Háskóla Íslands og tónlistarkennurum frá Reykjavíkurborg í samstarfi við Björk síðasta haust. Eftir það hafa smiðjurnar farið sigurför um heiminn. „Við höfum kennt í mörgum löndum samhliða Biophiliu-tónleikaferðalaginu. Við héldum fjórar smiðjur í Hörpu og eftir það héldum við í ferðalag. Við höfum kennt í Manchester, Buenos Aires og í Hall of Science í New York,“ segir hann. Síðastliðinn föstudag byrjuðu aðrar smiðjur í Children's Museum of Manhattan sem eru ætlaðar yngri aldurshópi. „Þar geta börn og fjölskyldur kíkt við og skapað á hverjum degi næstu mánuðina.“

Hann nefnir jafnframt að Saint Ann-skólinn muni innleiða kennsluhætti Biophiliu-smiðjanna í námskrá sína á næstu haustönn. Jafnframt verður sett upp vinnusmiðja í Tæknisafninu í Ósló í byrjun ágúst.

Á haustmánuðum hefst þriggja ára ferðalag þessara Biophiliu-smiðja um grunnskóla Reykjavíkur í samstarfi við Reykjavíkurborg og Háskóla Íslands þar sem tónlistar- og náttúrufræðikennarar munu hvetja íslensk ungmenni til tilrauna og sköpunar.

**hallfridur@frettabladid.is**

Tónlist ★★★☆☆

**Klaufar**

Óbyggðir



## Kátir og klúrir Klaufar

Kántríhljómsveitin Klaufar er búin að vera starfandi síðan árið 2006 og á að baki tvær plötur, Hamingjan er björt (2007) og Síðasti mjói Kaninn (2008). Á þeim báðum voru kántrískotnar útgáfur af íslenskum poppslögurum. Á þriðju plötu sinni, Óbyggðum, hafa Klaufarnir sett markið hærra. Á henni eru nær eingöngu ný frumsamin lög og textar. Um alla textana nema einn sér Skerjafjarðarskáldið Kristján Hreinsson, en textinn við lagið Ást og áfengi er eftir gamla Ríó Tríó hirðskáldið Jónas Friðrik. Lögin eru svo eftir nokkra höfunda. Þar á meðal textahöfundinn Kristján og Guðmund Annas Árnason Klaufasöngvara. Auk hljómsveitarmeðlima koma margir gestir við sögu, þar á meðal Magnúsarnir Kjartansson og Eiríksson og Selma Björnsdóttir sem syngur lagið Aldrei segja aldrei með Guðmundi.

